


FLE BLAÐIÐ

Janúar 2018



Félag löggiltra
endurskoðenda

1. tölublað
40. árgangur

Erfðaréttur

Flækjur og rembihnútar á bundnu eigin fé

Frjálst sætaval eftir 40 ár

Ný persónuverndarlög og
áhrif á vinnu endurskoðenda

Heimaging

FYLGTT ÚR HLÆÐI

Félag löggiltra endurskoðenda sendir nú frá sér 40. tölublaðið, en blaðið hefur verið gefið út árlega frá árinu 1978. Blaðið er gefið út á bæði prentuðu og raf-rænu formi, en blaðið er sent á prentuðu formi til allra félagsmanna auk þess sem því er dreift til ýmissa stofnanna og fyrirtækja. Í blaðinu er almennt fjallað um málefni líðandi stundar er varða skatta, endurskoðun og reikningshald. Þá er reynt að skyggjast inn í heim endurskoðandans á léttum nótum hvort sem um er að ræða innan eða utan skrifstofunnar. Starfsemi félagsins á árinu fær svo almennt sitt pláss en henni er gerð góð skil bæði í máli og myndum.

Margt áhugavert er í blaðinu að þessu sinni. Fjallað er um erfðafjárskatt og önnur erfðatengd málefni en ýmsar flækjur geta komið upp í þeim efnum. Grein um reikningshald er á sínum stað að venju en í henni er fjallað um flækjur og rembihnúta á bundnu eigin fé. Mikið hefur verið fjallað um heimagistingu á síðustu misserum, en í grein sinni tekur Ágústa Katrín

Guðmundsdóttir saman upplýsingar um þau atriði sem þarf að hafa í huga við útleigu á húsnæði til ferðamanna. Ný persónuverndarlöggjöf mun brátt taka gildi en fjallað er um hana út frá starfi endurskoðandans. Þá líta fjórir félagar úr stéttinni yfir farinn veg en margt hefur breyst frá því að þeir hófu störf á endurskoðunarskrifstofu fyrir um 40 árum.

Hér að framan höfum við talið upp lítið brot af því áhugaverða efni sem við ætlum að bjóða upp á að þessu sinni. Við í ritnefndinni þökkum greinahöfundum fyrir góðar greinar og vonum að sem flestir eigi eftir að hafa gagn og gaman af lestri blaðsins.

Janúar 2018,
Arnar Már Jóhannesson, Ingvi Björn Bergmann
og Benóní Torfi Eggertsson.

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Arnar Már Jóhannesson, formaður
Ingvi Björn Bergmann
Benóní Torfi Eggertsson

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Janúar 2018, 40. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Viðtal við nýjan formann.....	4
Punktur úr starfsemi FLE.....	8
Meginreglur og aðferðir til varnar skattsvikum.....	12
Erfðaréttur og erfðafjárskattur	16
Tvö ár frá nýjum ársreikningalögum.....	20
Frjálst sætaþal eftir 40 ár.....	23
Flækjur og remsbhnútar á bundnu eigin fé	27
Ný persónuverndarlöggjöf og áhrif á vinnu endurskoðenda	30
Nýir félagar 2018	32
Meistaramót FLE í golfi	33
Heimagisting	34
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2017 - 2018.....	37
Til hamingju með afmælið - árið 2018	38



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Benóní, Ingvi og Arnar



Það er eflaust mesta áskorunin framundan hvernig hægt verður að útvíkka starfsemina hjá þessu gamla rótgróna en samt síunga félagi, fari svo að félagsmönnum fækki



VIÐTAL VIÐ NÝJAN FORMANN

H. Ágúst Jóhannesson er formaður FLE

Hver er hann þessi H. Ágúst Jóhannesson nýi formaður FLE? Hver er bakgrunnur hans, fjölskylduhagir, áhugamál og hvert stefnir hann í lífinu? Verður hann róttækur, baráttuglaður formaður eða leggur hann íhaldssamar línur í starfssemi félagsins? Og síðast en ekki síst, hvað er hann með í forgjöf? Þessar spurningar og aðrar voru lagðar fyrir Ágúst sem tók ljúflega í þá bón að eiga við hann viðtal í þeim tilgangi að kynna manninn fyrir félagsmönnum í FLE. Gefum Ágústi orðið.

HVER ER MAÐURINN?

Ég er fæddur í Reykjavík 21. febrúar 1960 og er því að verða 58 ára og skírður í höfuðið á móðurafa mínum, Hannes Ágúst en er ævinlega kallaður Ágúst eins og gilti reyndar líka um afa minn. Það er miklu sjaldgæfara að fólk sé kallað seinna nafni sínu og því skrifa ég mig H. Ágúst og fer sparlaga með Hannesar nafnið. Fjölskyldan fluttist svo fljótlega til Stykkishólms þaðan sem móðurfólk mitt er ættað. Þar ólst ég upp ásamt systur mínum Sigríði Hönnu og Guðrúnu við gott atlæti. Við systkinin vorum svo heppin að amma hélt heimili með foreldrum okkar svo ég þurfti ekki að fara á leikskóla, því amma var heimavinnandi og ég þurfti mikið pláss. Hún gat verið ströng og fylgin sér ef svo bar undir en alltaf sanngjörn. Hún var alin upp í Breiðafjarðareyjum, þar sem lífið var ekki alltaf auðvelt. Hún kenndi okkur að taka hlutunum aldrei sem

sjálfgefnum og varð hún mér fyrirmynd á mörgum sviðum. Svo voru foreldrarnir mér einnig miklar fyrirmyndir. Það væsti því ekki um mig.

Ég ólst upp við mikið frjálsræði og það var gott að alast upp í Hólminum, þar sem leikvöllurinn náði milli fjalls og fjöru. Ég fékk að kynnast atvinnulífinu á sumrin, vann við margvísleg störf og fór svo á sjóinn, fyrst á skelfisk og svo á netavertíð sem var mikil lífsreynsla og er sjómennskan erfiðasta líkamlega vinna sem ég hef stundað. Fyrir vikið ber ég alltaf mikla virðingu fyrir sjómönnum og þeirra krefjandi störfum. Í lok netavertíðarinnar festi ég annan handlegginn í dráttarspili og brotnaði illa og minnir það brot reglulega á sig. Ég var í síðasta árganginum sem tók landspróf og var svo á sjónum í nokkurn tíma eftir það. Ég fór því ekki í framhaldsskóla fyrr en ég var á átjándá ári og varð Versló fyrir valinu. Ég tók þaðan stúdentspróf 1982 og fór beint í Háskóla Íslands þar sem ég lauk viðskiptafræði á endurskoðunarsviði fjórum árum síðar.

Ég kynntist Ragnheiði konu minni fyrst í Stykkishólmi. Hún á mikið af ættingjum þar og kom þangað til að setjast í landspróf, þó hún byggði ekki sjálf þar, en fékk inni hjá ættingjum. Við eigum þrjú börn á aldrinum 21 – 31 árs, einn son, tvær dætur og fjögur barnabörn, þar á meðal tvíbura og er von á



Stjórn FLE 2017-2018 frá vinstri: Anna Kristín, Sif, Ágúst, Bryndís Björk og Guðni

Því fimmta í mars. Það varð nýtt og skemmtilegt hlutverk að verða afi.

Þó ég búi ekki í Stykkishólmi núna, þá á ég mikið af ættingjum og vinum þar og fullt af kunningjum. Við frændur, allir tvímenningar, förum árlega í ættarsetur eins okkar vestur í Hólm og þá er farið út í eyjarnar þar sem afi okkar og amma voru uppallin og bjuggu í. Með okkur í för eru frændur okkar sem búa í Hólminum og eru einnig ættaðir úr þessum eyjum. Þar eru tínd egg og farið á sjóstöng á gömul fiskimið forfeðra okkar. Ferðin markar upphaf vorsins í hugum okkar frænda og tilhlökkunin fyrir hverja ferð er mikil og yljum við okkur allan veturinn við sögur úr fyrri ferðum.

ÍÞRÓTTIRNAR OG ÁHUGAMÁLIN

Í Stykkishólmi var nóg af grasblettum til að djöflast á í fótbolta heilu sumrin og svo var það körfubolti á veturna. Körfuboltinn varð fljótlega mín íþrótt og spilaði ég fyrstu leiki mína á Íslandsmóti með Snæfelli. Þegar ég fluttist suður spilaði ég fyrst með Fram, en lengst af með Íþróttafélagi Stúdenta (ÍS). Ég starfaði mikið fyrir körfuknattleikssambandið. Þar sinnti ég uppgjörsmálum og sat í nefndum á vegum sambandsins, lengst af í aganefnd í um 25 ár. Fyrir störf mín hef ég hlotið bæði silfur og gullmerki sambandsins. Ég er því mikill áhugamaður um körfubolta, held alltaf með Snæfelli og með Boston Celtics í NBA deildinni. Ég hef farið nokkrum sinnum á leiki í Boston og einu sinni farið á „All Star“ leik sem er ævintýri út af fyrir sig. Það er í eina skiptið sem ég fór niður fyrir meðalhæð í hópi manna.



Ágúst með keðjuna nýtekinn við formennsku

Ég er líka uppallinn við vatnaveiðar, veiddi mikið silung sem strákur í vötnunum fyrir ofan Stykkishólm. Við félagarnir vorum stundum keyrðir þangað uppeftir á föstudegi með tjald og nesti og sóttir svo á sunnudegi. Núna stunda ég mest laxveiði. Fékk Maríulaxinn minn í Straumfjarðará á Snæfellsnesi og veiði oft þar enda er hún mín uppáhalds á. Uppáhaldsflugurnar og sem ég nota mikið eru Madeleine nr. 18 og svo rauð Frances í ýmsum útfærslum. Stærsti lax sem ég hef dregið á land var 96 cm hængur veiddur í Þverá í yfir 20 metrum á sekúndu og í grenjandi rigningu. Ég á því ennþá eftir að brjóta 100 cm múrinn, en það kemur.





Ágúst býður nýja löggilta endurskoðendur velkomna í félagið

Ég fór að spila golf af alvöru árið 2012, en hafði átt golfsett frá því 1987 þegar tveir vinir mínir sem voru að flytja heim frá Bandaríkjunum eftir nám, kipptu með golfsetti fyrir mig. Það fór reyndar strax í geymsluna og er þar enn lítið notað, því barnauppleidið tók á þessum árum allan minn tíma utan vinnu. Við hjónin erum í golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar (GKG) og rokka forgjöfin upp og niður fyrir 22. Við förum reglulega erlendis í golf, mest til Spánar. Við göngum alltaf í golfinu því Ragnheiður tekur ekki annað í mál.

STARFSFERILL

Ég byrjaði að vinna hjá Endurskoðunarmiðstöðinni N. Manscher (nú PwC) í febrúar 1986 með námi og var þar til 1989 þegar ég fór yfir til eignarleigufyrirtækisins Lindar og þaðan til Landsbankans fram til 1995. Þá fór ég til SamEnd, síðar BDO Endurskoðunar og svo til Ernst & Young sem þá var, frá 1997 til 2000 og náði loksins löggildingunni á þeim tíma. Löggildingarprófin eru nefnilega þræl erfið eins og þeir þekkja sem reynt hafa. Árið 2000 sameinuðust Ernst & Young og KPMG þar sem ég hóf störf sem löggiltur endurskoðandi og sem meðeigandi frá ársbyrjun 2001 og er ég þar enn. Hjá KPMG starfaði ég einnig sem sviðstjóri ráðgjafarsviðs í sjö ár og fór endurskoðunin í annað sætið á meðan, en er nú aftur farinn að starfa við endurskoðun sem mér finnst skemmtilegt.

Eigendur hjá KPMG þurfa að selja eignarhluta sinn þegar þeir verða 63 ára. Ég er ekki farinn að huga að starfslokum, það geri ég ekki fyrr en ég hef lokið störfum mínum sem formaður FLE og á þá væntanlega 4-5 góð ár eftir sem eigandi.

FORMENNSKAN OG FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Ég hef nú starfað fyrir félagið sem varaformaður í tvö ár og þekki starfsemi félagsins alveg ágætlega. Það er prýðisfyrirkomulag að gegna varaformannsstöðunni áður en maður tekur við formennskunni, því maður veit þá betur hvað starfið felur í sér. Félagið er rótgróið og í eðli sínu íhaldssamt. Starfsemin er í föstum skorðum og það eru engar byltingarkenndar breytingar í farvatninu á næstu tveimur árum.

Það sem kom mér mest á óvart í starfi félagsins er hve mikilvægur samráðsvettvangur það er ekki síst í samskiptum við opinbera aðila eins og við lagasetningar og lagabreytingar. Ef félagið væri ekki til staðar þá væri mjög erfitt að leita álits stéttarinnar á ýmsum málum sem hið opinbera og aðrir leita til félagsins með. Félagið gagnast því bæði stéttinni og endurskoðunarstofunum með því að gefa álit og vinna að hagsmunum þeirra og benda stjórnvöldum á hvaða áhrif ýmislegt sem stendur til að gera, geti haft á þá, viðskiptalífið og samfélagið. Formannsstarfinu nú fylgir forsæti í norræna endurskoð-



Ágúst að stýra fyrsta stjórnarfundum sem formaður



Frá aðalfundi 2017, Ágúst, Margrét og Sigurður

unarsambandinu NRF. Félög endurskoðenda á öllum Norðurlöndunum fimm taka þátt í samstarfinu. Það kom mér á óvart hve sterka rödd við Íslendingar höfum með þátttöku okkar í sambandinu með frændþjóðunum. Í alþjóðlegu starfi koma norrænu þjóðirnar fram sem ein heild og hafa þannig meiri áhrif en ella væri. Á vettvangi NRF eru mörg spennandi verkefni framundan sem verður gaman að taka þátt í.

Það er samt ýmislegt sem er mér hugleikið, eins og áhrif þess að skylduáðild verði afnumin eins og nú er gert ráð fyrir í drögum að nýjum lögum um endurskoðendur. Það er eflaust mesta áskorunin framundan hvernig hægt verður að útvíkka starfsemina hjá þessu gamla rótgróna en samt síunga félagi, fari svo að félagsmönnum fækki. Þá vil ég efla tengsl félagsins við háskólana og aðkomu félagsins að grunnnámi fyrir endur-

skoðendur. Endurskoðun er menntun sem nýtist hvar sem er í viðskiptalífnum og er almennt mikils metin og því þurfum við að koma betur á framfæri til að laða fleiri að. Þá stöndum við endurskoðendur frammi fyrir miklum áskorunum með hröðum tæknibreytingum og sífellt auknum kröfum viðskiptavina okkar um samtíma staðfestingar, sem verður sífellt stærri þáttur í starfi okkar. Síðast en ekki síst er það svo fyrirhuguð ferð okkar endurskoðenda í haust til Brussel, sem mun verða heilmikil og skemmtileg vinna að undirbúa.

Það er von mín að félagið haldi áfram að dafna og styrkjast með nýju og öflugum fólki og sífelldri endurnýjun.

Viðtal, Hrafnhildur Hreinsdóttir



Ágúst þungt hugsi á haustráðstefnu



Við eigum þvert á móti að flagga því sem jákvætt er við fagið sem er: endalaus spennandi verkefni, gríðarleg fjölbreytni, stöðug starfsþróun, tækifæri til að vinna með flottu fólki og til að kynnast atvinnulífinu, sveigjanlegur vinnutími, góð frí á milli álagstíma, starfsöryggi og svona mætti lengi telja

PUNKTAR ÚR STARFSEMI FLE

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE og Margrét Pétursdóttir er fráfari formaður félagsins

Í þessari grein er ætlunin að segja frá því helsta sem unnið hefur verið að á vettvangi félagsins síðastliðið starfsár. Efnið er byggt á skýrslum frá aðalfundi félagsins í nóvember síðast liðinn.

Starfið hófst með árlegum stefnumótunarfundi sem haldinn var í sjöunda skipti en um er að ræða vinnufund þar sem mæta auk stjórnar, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra nýkjörnir formenn allra nefnda. Auk þess komu til fundarins að þessu sinni meðlimir í ímyndanefnd stjórnar. Fundurinn gekk að venju vel og framlag félagsmanna til stefnumótunar á þessum fundi er ómetanlegt. Í þessu sambandi er afar ánægjulegt hve félagsmenn eru alltaf tilbúnir til að taka þátt í alls konar verkefnum á vettvangi félagsins og ekki eingöngu það heldur er áberandi í öllum samræðum hve mjög félagsmenn eru áhugasamir um þróun og viðgang stéttarinnar. Í framhaldi af fundinum gekk stjórn frá starfsáætlun fyrir starfsárið framundan þar sem verkefnum var skipti niður á fundi ársins en stjórn hélt alls 11 fundi á starfsárinu.

FRÆÐSLAN

Félagið stóð fyrir samtals 22 atburðum á starfsárinu sem gáfu um 45 endurmenntunareiningar sem er örlítið minna en árið áður og munar þar mestu um að hádegisverðarfundum

var fækkað. Heildarmæting á þessa atburði var rúmlega 1300 manns samanbúið við tæplega 1500 árið áður. Á árinu voru haldin tvö námskeið í samvinnu við annars vegar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hins vegar við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Fjölmennasta morgunkornið fjallaði um skilafresti Ríkisskattstjóra, fjölmennasta námskeiðið fjallaði um bundna eiginfjárreikninga og stærsta ráðstefnan var Reikningsskiladagurinn en þar mættu um 200 manns en svo margir hafa ekki mætt á einn viðburð síðast liðin 6 ár.

NEFNDARSTARF

Að venju eru fastanefndir félagsins mikilvægur hlekkur í starfsemi þess og bera oft hitann og þungann af ákveðnum málefnum. Það má segja að aðalþungi nefndarstarfa hafi legið hjá Endurskoðunarnefndinni á liðnu starfsári þegar Reikningsskilanefndin var aftur á móti í aðalhlutverki á árinu þar á undan. Eftir mikil og stíf fundarhöld síðast liðið haust sendi nefndin frá sér fyrirmyndaráritanir undir lok árs byggðar á ISA stöðlum sem tóku gildi í árslok 2016 en þessar fyrirmyndir má finna á innri síðu félagsins.

Fyrir utan hefðbundin störf Skattanefndarinnar þá má segja að frestir lögaðila og áherslubreytingar Ríkisskattstjóra í þeim efnum hafi tekið mestan tíma nefndarinnar. Má þar





Gleðistund og bros af hverju andliti



Ungliðanefnd: Sara Henry, Gunnar Þór, Heiðar Þór og Sif

nefna þá breytingu að hverfa frá hefðbundnum frestlistum og taka upp skilalista sem og styttingu á framtalsfresti. Störf Gæðanefndarinnar hafa verið í föstum skorðum undanfarin ár og hafa aðallega tengst yfirferð gæðaeftirlitsskýrslna en lögbundið gæðaeftirlit er með störfum okkar undir yfirstjórn Endurskoðendaráðs. Þá var sett á laggirnar Ungliðanefnd félagsins sem er stjórnskipuð nefnd og ætlað það megin hlutverk að fá unga fólkið í stéttinni til að starfa með félaginu. Ímyndarnefnd skilaði tillögum til stjórnar á árinu um aðgerðir til að efla ímynd endurskoðenda og er til taks á hliðarlínunni ef þörf verður á frekari aðkomu síðar. Stjórn lét, eins og kunnugt er, framkvæma könnun á viðhorfi til stéttarinnar á síðasta starfsári og hefur síðan verið að vinna úr niðurstöðu hennar með ýmsum hætti.

EVROPUREGLUGERÐ OG NÝ LÖG UM ENDURSKOÐENDUR

Stjórn félagsins skipaði á sínum tíma svokallaðan innleiðingahóp sem hefur það hlutverk að koma að stefnumótun varðandi

innleiðingu á Evrópureglum um endurskoðun. Eins og fundarmönnum er kunnugt hefur vinnan við innleiðinguna dregist mjög á langinn og hafa ýmsir úr okkar röðum komið að málinu. Síðustu mánuði ársins voru haldnir fundir aðra hverja viku í ráðuneytinu og erum við þar með tvo fasta fulltrúa. Þar sem Ísland er utan ESB og EES hefur ekki enn tekið reglurnar til afgreiðslu hefur hægt á ferlinu hér á landi. Í ljósi þess og vegna nýlegra stjórnarslita hvarf þrýstingur frá ráðherra um að drög að lögum um endurskoðendur lægju fyrir núna í nóvember eins og áður stóð til.

Það er afar slæmt hve vinnan hefur tafist og það er mikið hagsmunamál fyrir stéttina að innleiðingin verði sem mest í takti við það hvernig reglurnar hafa verið innleiddar víðast í Evrópu en það var einmitt markmið fyrri ríkisstjórnar. Afstaða þeirrar ríkisstjórnar sem nú mun taka við mun hafa veruleg áhrif á starfsemi stéttarinnar og vonum við að ekki verði um að ræða séríslensk íþyngjandi ákvæði við innleiðinguna.

Innleiðing þessara reglna á eftir að hafa mikil áhrif á þróun starfa okkar og munum við leggja okkur öll fram við að hún verði sem vönduðust. Til upprifjunar þá er ekki bara verið að innleiða reglurnar inn í núverandi lög heldur er verið að endurskrifa lög um endurskoðendur í heild sinni. Sem dæmi, er útlit fyrir að gæðaeftirlitið fari frá félaginu. Allavega vegna eininga tengdum almannahagsmunum og jafnvel alfarið hinna líka. Hvar eftirlitinu verður fyrirkomið er ekki ljóst og hafa ýmsir möguleikar verið ræddir í því sambandi, t.d. Fjármálaeftirlitið. Gæðaeftirlit er nauðsynlegur þáttur í okkar störfum en það er ekki laust við að við höfum áhyggjur af því að umfang og kostnaður muni aukast mjög við þessa breytingu. Annað sem er útlit fyrir að breytist er að félagsaðildin að FLE verði valkvæð og ekki er ljóst hvaða áhrif það mun hafa.





Haustráðstefna - allir að fylgjast með



Morgunkorn um 4 iðnbyltinguna

Þá eru ónefndir gríðarlega mikilvægir þættir hvað varðar einingar tengdar almannahagsmunum eins og árafjöldi sem endurskoðunarfyrirtæki er heimilt að sinna sama verkefninu, þak á því hvað er heimilt að innheimta fyrir aðra þjónustu en endurskoðun, svokallaður „black list“ yfir verkefni sem endurskoðanda félags verður óheimilt að inna af hendi og ýmislegt annað. Það er því afskaplega mikilvægt að við gætum vel að hagsmunum stéttarinnar við innleiðinguna.

UNGA FÓLKID OG ENDURNÝJUN STÉTTARINNAR

Löggildingarpróf til endurskoðunar voru haldin eins og venja er í október. Að þessu sinni þreyttu 11 aðilar prófin og er það áhyggjuefni hve fáir það eru en fjöldinn er mun minni en verið hefur undanfarin ár. Nefndar hafa verið til sögunnar ýmsar skýringar, svo sem að lítið hafi verið um ráðningar á fyrstu árunum eftir hrun og einnig hefur verið nefnt sem hugsanleg skýring að umræða um hugsanlega endurskoðun fyrirkomulags prófa hafi haft áhrif til fækkunar. Nú eru þetta bara getgátur en það er samt ljóst að það fyrirkomulag að hafa prófið aðeins eitt í stað fjögurra áður er mjög íþyngjandi og þá sérstaklega þegar taka þarf ákvörðun um að þreyta prófið í annað sinn. Endurskoðendaráð hefur boðað að prófnefnd muni endurskoða fyrirkomulag prófa í heild sinni en sú vinna hefur ekki hafist.

Umræða hefur farið ört vaxandi um það hverjar séu ástæður þess að áhugi ungs fólks fyrir því að afla sér menntunar sem endurskoðendur hefur minnkað. Það er ýmislegt sem kemur til og eitt af því er að starfið þarf að verða meira aðlaðandi í augum unga fólksins og samkeppnishæfara um kjör og er hér ekki um séríslenskt vandamál að ræða heldur glíma, að því er virðist, flest Evrópulöndin við þennan vanda og við honum verður að bregðast. Erlendar kannanir hafa sýnt að brottfall nýtskrifaðra endurskoðenda úr faginu hefur að meðaltali styst úr 5 árum niður í þrjú ár, og þá sérstaklega á uppgangstímum í þjóðfélaginu. Það að endurskoðendur hafa á undanförnum árum leitað í auknum mæli út í atvinnulífið þarf þó ekki endilega að vera slæmt fyrir stéttina heldur sýnir það að menntun okkar og starfsreynsla er mikils virði og er eftirsóknarverð.



Aðalfundur, núverandi og fráfarandi formaður og framkvæmdastjóri

Þetta er eitt af þeim efnum sem rætt hefur verið á vettvangi Accountancy Europe og ýmislegt nefnt til lausnar. Eitt af því sem rætt var á seinasta fundi þar var mikilvægi þess að við værum góðar fyrirmyndir fyrir unga fólk. Hvernig getum við ætlast til að ungu fólk finnist eftirsóknarvert að verða endurskoðendur ef við göngum um, bugð af áhyggjum og vinnuálagi og málum allt sem svartast. Við eigum þvert á móti að flagga því sem jákvætt er við fagið sem er: endalaus spennandi verkefni, gríðarleg fjölbreytni, stöðug starfsþróun, tækifæri til að vinna með flottu fólk og til að kynnast atvinnulífinu, sveigjanlegur vinnutími, góð frí á milli álagstíma, starfsöryggi og svona mætti lengi telja.

SKILAFRESTIR FRAMTALA OG ÁRSREIKNINGA

Eins og fram kom að ofan voru skilafrestir á framtölum og ársreikningum til Ríkisskattstjóra og Ársreikningaskrár ofarlega á baugi á starfsárinu og hafa fulltrúar stjórnar auk framkvæmdastjóra mætt á nokkra fundi hjá embættinu til að ræða þau mál. Á þeim fundum hafa fulltrúar félagsins ítrekað talað fyrir kerfisbreytingum í þá átt að skil á framtölum dreifist sem jafnast yfir árið en þegar þetta er skrifað er ekkert slíkt væntanlegt og er þá kostnaði við innleiðingu á nýju kerfi um kennt. Ríkisskattstjóri



Stjórnin í janúar 2017: Ágúst, Ljósbrá, Margrét, Sif og Guðni



Skúli Eggert ríkisskattstjóri, fastur gestur á Skattadegi FLE



Russell Guthrie talar á Haustráðstefnu. Erlend samskipti og tengsl leiða af sér góða erldenda fyrirlesara til landsins

hefur boðað að hann vilji sjá að framtalsskil verði stytt enn frekar en hefur hann viljað gera allar breytingar á skilum í góðu samstarfi við félagið og kunnum við honum bestu þakkið fyrir gott samstarf. Þrátt fyrir það er það ljóst að hagsmunir félagsmanna fara ekki saman við hagsmuni embættisins hvað skiladagsetningar varðar og því eru menn ekki alltaf sammála.

Á nýliðnu ári settu margir félagsmenn sér innri markmið um að flýta skilum og skila með jafnari hætti en áður og kom þá tvennt til, annars vegar margra ára hvatning frá Ríkisskattstjóra um að gera betur og hins vegar að með nýjum lögum um ársreikninga er félögum gerð sekt ef þau ekki skila ársreikningi innan tilskilins tíma. Félagsmenn lögðu margir hverjir mikið á sig til að kalla verkefni inn og vinna þau fyrr og var það oft á kostnað sumarfría, auk ómældrar yfirvinnu og álags. Það er skemmst frá því að segja að nýjustu tölur frá embættinu sýna að verulegur árangur náðist með skilin og eru skilatölur mun betri en á fyrra ári. Á fundi með Ríkisskattstjóra í október síðastliðinn lýsti hann yfir ánægju sinni með hin bættu skil og á þeim fundi óskuðu fulltrúar félagsins eftir því að gefin yrðu grið í einhvern tíma um frekari styttingu skilafrests.

ERLENT SAMSTARF

Enn einu sinni er minnt á mikilvægi erlends samstarfs fyrir félagið, þangað er sótt andagift, stuðningur og innsýn í hvernig framtíðin horfir við, bæði hvað varðar ört vaxandi tækni, áherslur og þróun mála í löndunum í kringum okkur. Á þessum vettvangi getur félagið einnig komið eigin sýn á framfæri og haft áhrif. Því ber einnig að fagna að það hefur komið í hlut nýs formanns FLE að taka við formennsku Norræna endurskoðendasambandsins næstu tvö árin.

Við viljum að lokum þakka fráfarandi stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf og ykkur félagsmenn góðir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu starfsári.

Margrét Pétursdóttir og Sigurður B. Ampórsson





Að framangreindu virtu er óhætt að
fullyrða að íslensk stjórnvöld taki fullan
þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeirri
viðleitni að draga úr skattundanskotum,
en betur má ef duga skal.

MEGINREGLUR OG AÐFERÐIR TIL VARNAR SKATTSVIKUM

Guðmundur Skúli Hartvigsson, lögfræðingur
hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins

Tílefni þessa greinarstúfs er nýleg skýrsla á vegum starfshóps innan OECD sem ber heitið Task Force on Tax Crimes and Other Crimes (TFTC). Skattrannsóknarstjóri tekur þátt í þessari vinnu og á sæti í hópnum. Eru þar settar fram í fyrsta sinn 10 leiðbeinandi meginreglur til handa stjórnvöldum aðildarlanda sem gagnast geta í baráttu þeirra gegn skattsvikum. Skýrslan tekur á lagalegum, stofnana- og stjórnsýslulegum þáttum sem OECD telur þurfa vera fyrir hendi til þess að ná sem bestum árangri í þeirri baráttu, bæði gegn skattsvikum og öðrum fjármunalegum afbrotum. Skýrslan byggir á innsýn og reynslu 31 ríkis, þ. á m. Íslands.

Fróðlegt er að kynna sér umrædda skýrslu til samanburðar við skýrslur sem starfshópar á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins gáfu út í júní sl., annarsvegar um umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða og hinsvegar um milliverðlagningu og faktúrufölsun. Í þessu samhengi má einnig benda á skýrslu

starfshóps sama ráðuneytis um eignir Íslendinga á aflandssvæðum, sem birt var í byrjun árs 2017.

Sé tekið mið af umfjöllunarefnum og þeim niðurstöðum sem fram koma í framangreindum skýrslum má draga þá ályktun að staða Íslands viðvíkjandi laga-, stofnana- og stjórnsýslulegri umgjörð, sé jafnfætis því sem best þekkist í nágrannalöndum okkar og að aðgerðir stjórnvalda í þessum málaflokki hafi verið í samræmi við ráðleggingar sem komið hafa frá OECD á undanförunum árum. Hér á landi hafa á síðustu misserum bæði verið lögfestar reglur og sett verklag með það fyrir augum að sporna gegn skattsvikum og til að koma í veg fyrir alþjóðlega skattasniðgöngu, s.s. undirritun samkomulags um að taka upp sameiginlega OECD - staðla varðandi upplýsingaskipti milli ríkja um eignir einstaklinga og lögaðila í fjármálafyrirtækjum. Er hér að nefna reglur um svokallaða CFC- löggjöf og reglur um milliverðlagningu og reglur sem tengjast svokallaðri BEPS - áætlun (Base Erosion

and Profit Shifting) og lengd fyrningar til endurákvörðunar skatta vegna eigna og tekna á lágsfattasvæðum í 10 ár, sbr. t.d. lög um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. nr. 112/2016, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hér var um að ræða atriði sem tengjast fastri starfsstöð, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda og „ríki fyrir ríki“ skýrslum um skattskil um starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna.

Að framangreindu virtu er óhætt að fullyrða að íslensk stjórnvöld taki fullan þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeirri viðleitni að draga úr skattundanskotum, en betur má ef duga skal.

2.1 SKÝRSLA OECD – BARÁTTA STJÓRNVALDA GEGN SKATTSVIKUM – TÍU ALÞJÓÐLEGAR MEGINREGLUR.

Í grein þessari verður reynt að gera mjög stuttlega grein fyrir þeim meginreglum („principles“) sem OECD setur fram sem nokkurs konar viðmið sem ríki geta tileinkað sér á þeirri vegferð sem baráttan gegn skattvikum/skattundanskotum krefst. Ríki hafa í auknum mæli komið sér upp alhliða löggjöf í því skyni að skilgreina skattalagabrot enn frekar sem glæpi sem falið geta í sér þunga refsingar s.s. fangelsisdóma, verulegar fjársektir, haldlagningu og kyrrsetningu eigna auk annarra viðurlaga. Þá er það niðurstaða skýrslunnar að almenn mannréttindi grunaðs aðila um skattalagabrot séu sambærileg í löndum OECD.

Í köflunum hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir umræddum tillögum/meginreglum og hvernig þær koma heim og saman við íslenska framkvæmd.

2.1.1 TILLAGA 1: SKATTSVIK TELJIST TIL REFSIVERÐRA BROTA.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld sjái fyrir lagaramma sem tryggji að lítið sé á skattsvik (e. tax crimes), sem afbrot, sem geti haft í för með sér íþyngjandi refsingu. Því alvarlegri sem brotin eru því þyngri sé refsingin. Lögin verði að kveða með skýrum hætti á um að hverskonar skattsvik geti leitt til íþyngjandi refsingar og jafnframt að fyrir hendi séu raunhæf úrræði til að framfylgja refsidómi.

Taka má undir með höfundum fyrrnefndrar skýrslu um umfang skattundanskota og tillagna til aðgerða („skattvikaskýrslunnar“) hvað það varðar að hérlandis hafi refsingar fyrir skattalagabrot of lítinn fælingarmátt. Gildir það jafnt um fésektir sem fangelsisdóma. Fésektir innheimtast illa og fangelsisdómar eru yfirleitt skilorðsbundnir. Þetta verður að teljast óheppilegt því afstaða löggjafans er sú að þessi brot séu alvarleg, sbr. refsíákvæði skattalaga og ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga sem sett var á

sínum tíma til að auka þunga þessara brota. Ósamræmi er því á milli vilja löggjafans og fullnustu viðurlaga.

Til samræmis við tillögu OECD þyrfti að auka fælingarmátt refsinga fyrir skattalagabrot og ná fram betri heimtu fésekta.

2.1.2 TILLAGA 2: MÓTUN SKILVIRKRAR STEFNU GEGN SKATTSVIKUM.

Höfundar skýrslu OECD leggja til, að í því skyni að tryggja áhrifamátt löggjafar um skattalagabrot, eigi sér stað áhættugreining og stefnumótun stjórnvalda samkvæmt henni. Tiltæk þurfi að vera úrræði til að framfylgja þeirri stefnu og endurskoða þurfi hana reglulega. Stefnan þurfi að taka til stofnana svo sem skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra, héraðssaksóknara og tollstjóra, sem hafa rannsókn eða eftirlit með höndum á fjármálalegri glæpastarfsemi, enda tengist skattsvik sem frumbrot ýmiss konar annarri brotastarfsemi s.s. peningaþvætti.

Í skattvikaskýrslunni greinir frá því að reglulega hafi verið stofnaðir vinnuhópar til að gera úttekt á skattsvikum og koma með tillögum til að draga úr þeim. Margvíslegur árangur hafi náðst vegna starfa hópanna, en að mati höfunda skýrslunnar vanti nokkuð upp á að tillögum sé fylgt eftir og þær kynntar. Lagði starfshópurinn sem vann að gerð skýrslunnar til að fjármála- og efnahagsráðuneytið myndi fylgja tillögum starfshópsins eftir með formlegum hætti. Samstarf stofnana er að jafnaði mikið og gott en taka má undir með höfundum skýrslunnar að auka þurfi enn á skilvirkni í samstarfi þeirra stofnana sem koma að þessum málaflokki á ýmsum sviðum.

2.1.3 TILLAGA 3: FULLNÆGJANDI RANNSÓKNARHEIMILDIR.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld hafi fullnægjandi rannsóknarheimildir til þess að upplýsa skattsvikamál, hvort heldur sem stjórnvald sem fari með rannsókn skattsvikamála hafi sjálft þær heimildir sem til þarf eða þurfi að leita aðstoðar annars stjórnvalds.

Hérlandis eru skattyfirvöldum, þ.e. skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra, að lögum tryggðar víðtækar heimildir til gagnaöflunar. Skylda til afhendingar gagna er víðtæk og tekur til allra aðila sem hafa upplýsingar í vörslu sinni. Skattrannsóknarstjóri hefur heimild til leitar og haldlagningar gagna á starfsstöðvum aðila og á heimilum að undangengnum dómsúrskurði. Þá hefur skattrannsóknarstjóri heimild til að fá liðsinni lögreglu á vettvangi í þágu rannsóknar ef ástæða er til. Í kjölfar haldlagningar gagna fer fram skoðun þeirra og úrvinnsla á starfsstöð embættisins. Á það jafnt



við um gögn á pappírformi og rafræn gögn, þ. á. m. haldlagða tölvupósta. Heimilt er að bera haldlagningu og aðrar rannsóknar- aðgerðir skattrannsóknarstjóra undir dóm, en kæra frestar að jafnaði ekki framkvæmd. Heimild er til kyrrsetningar eigna, vegna rannsóknar máls hjá skattrannsóknarstjóra, til tryggingar skattkröfu og fésekt. Tollstjóri annast framkvæmd kyrrsetningar og haldlagningar í kjölfar tilkynningar frá skattrannsóknarstjóra. Skattrannsóknarstjóri fer ekki með lögregluvald og leitar til lög- regluþyrvalda þegar þess þarf með. Þá má nefna að ekki er hefð fyrir tálbeitem við rannsóknir efnahags- og skattalagabrota. Með vísan til framangreinds má halda því fram að viðtækar rann- sóknarheimildir séu fyrir hendi að því er varðar rannsóknir efna- hags- og skattalagabrota.

2.1.4

TILLAGA 4: SKILVIRKAR HEIMILDIR TIL KYRRSETNINGAR, HALDLAGNINGAR OG UPPTÖKU EIGNA.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld hafi heimildir til að kyrr- setja/haldleggja eignir í þágu rannsóknar á skattsvikum svo og heimildir til upptöku eigna. Lagt er til að þessi heimild taki jafnt til eigna innanlands sem utanlands.

Eins og að framan greinir er heimild fyrir skattrannsóknarstjóra til að beita umræddum úrræðum, s.s. kyrrsetningu og haldlagningu gagna samhliða leit. Þá er jafnframt í 69. gr. almennra hegninga- laga fyrir hendi heimild til upptöku ólögsmæts ávinnings. Velta má því upp hvort sameina mætti enn frekar krafta stofnanna varð- andi þessar valdheimildir eins og þekkist erlendis þar sem um nokkuð sérhæft og umfangsmikið verkefni er að ræða.

2.1.5

TILLAGA 5: STJÓRNSKIPULAG MEÐ SKILGREINDRI ÁBYRGÐ.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld komi sér upp skipulagi með skilgreindri ábyrgð í þeirri viðleitni sinni að berjast gegn skattsvikum og öðrum fjármuna afbrotum. Misjafnt er eftir lönd- um hvernig þessu er háttað. Hér á landi fer skattrannsóknarstjóri með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota. Markmið þeirrar rannsóknar er tvíþætt: Að niðurstöður hennar verði grund- völlur að álagningu skatta og grundvöllur refsimeðferðar. Þegar rannsókn máls er lokið tekur skattrannsóknarstjóri ákvörðun um refsimeðferð málsins. Telji skattrannsóknarstjóri efni til refsimeð- ferðar getur hann hlutast til um refsimeðferð með þrenns konar hætti; með sektarboði þ.e. með því að ljúka refsimeðferð máls með sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra, með sektarkröfu fyrir yfirsattanefnd eða með því að vísa máli til frekari meðferðar hjá lögreglu, þ.e. nú til héraðssaksóknara. Hvaða leið er farin ræðst einkum af alvarleika ætlaðra brota. Eins og áður hefur komið fram getur skattrannsóknarstjóri leitað atbeina annarra stofnanna, einkum lögreglu, til að sinna sínu lögbundna hlutverki.

Hér má velta því upp hvort ekki þurfi að auka á skýrleika um það hvenær rétt sé að fara með mál sem refsímál og hvenær því verði lokið innan stjórnsýslunnar með álagi einvörðungu. Er æskilegt að skýr viðmið séu í þeim efnum ekki síst í ljósi jafnræðis.

2.1.6

TILLAGA 6: FULLNÆGJANDI ÚRRÆÐI TIL RANNSÓKNAR Á SKATTSVIKUM.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld geti á fullnægjandi hátt sinnt rannsóknum á skattsvikamálum. Hér er átt við að fyrir hendi sé nægt fjármagn, mannafl og búnaður til nauðsynlegra rann- sóknaraðgerða, sem og viðhlítandi samstarf þeirra stofnana sem að málaflokknum komi auk nægjanlegs aðgangs að upplýsingum í gagnasöfnum hins opinbera.

Telja verður að Ísland standi hér nokkuð vel að vígi. Þó má auka á skilvirkni í samstarfi stofnanna sem að málaflokknum koma, enda þótt samstarf hafi þar almennt verið með ágætum. Skattrannsóknarstjóri hefur viðtækan aðgang að opinberum gagnaböndum í þágu rannsóknar. Víða erlendis er samstarf stofn- ana í formlegri og fastari búið en hér er raunin og er skoðunar- vert hvort vert sé að gefa þessu meiri gaum hérlandis.

2.1.7

TILLAGA 7: SKATTSVIK SEM FRUMBROT PENINGAÞVÆTTIS

Skýrsluhöfundar leggja til að skoða beri skattsvikamál með það fyrir augum að það geti leitt af sér peningaþvætti. Lita beri á skattsvikamál sem frumbrot sem leitt getur af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta.

Á Íslandi er peningaþvætti sjálfstætt refsivert brot og er fjallað um peningaþvætti í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningalaga auk þess sem í lögum nr. 64/2006, um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, er skilgreining á peningaþvætti og tilgreindir aðilar sem undir lögin falla.

Í 2. mgr. 264. gr. er svokallað „sjálfþvætti“ gert refsivert, er þar segir að sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot samkvæmt fyrstu málsgreininni skuli sæta sömu refsingu og þar greinir eða allt að sex ára fangelsi. Peningaþvættisskrifstofa hér- aðssaksóknara annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar eru upplýsingar greindar og miðlað til hlutaðeigandi yfirvalda til frek- ari meðferðar, s.s. rannsóknar og saksóknar.

Aukin áhersla er nú lögð á rannsókn á peningaþvætti sem afleið- ingu af refsiverðri háttsemi á alþjóðlegum vettvangi og er sama þróun hér á landi. Til upplýsingar um vakningu á þessu sviði má nefna nýlegt dómafordæmi þar sem ákært var og dæmt fyrir

peningaþvætti samhliða skattalagabroti. Þá má einnig nefna nýlega reglugerð nr. 175/2016 þar sem áskilið er að tilkynningar um peningaþvætti séu sendar skattrannsóknarstjóra, sem eftir atvikum hefur rannsókn vegna ætlaðra skattalagabrota á grundvelli þeirra.

2.1.8

TILLAGA 8: SAMSTARF INNLENDRA STOFNANNA.

Skýrsluhöfundar leggja til að stjórnvöld komi sér upp áhrifaríku laga- og stjórnskipunarlegu umhverfi sem auðveldi samstarf milli skattfyrivalda og annarra innlendra yfirvalda. Hér má nefna skattfyrirvöld, tollayfirvöld, fjármálaeftirlit, seðlabanka, peningaþvættis-skrifstofu héraðssaksóknara og lögreglu.

Eins og áður hefur komið fram mætti auka á skilvirkni hérlendis. Skilningur hefur aukist á mikilvægi þess að stofnanir deili upplýsingum og hafi með sér samráð þegar grunur vaknar um skattsvik og samvinnu þarf til að upplýsa og rannsaka mál með sem tryggustum hætti. Nauðsynlegt er að lögð verði vinna í að auka enn frekar á samvinnu og auka skilvirkni milli stofnanna, svo og að fara yfir þær lagalegu hindranir sem kunna að vera í vegi fyrir upplýsingagjöf á milli stofnanna. Eins og áður hefur verið nefnt má ætla að til bóta væri að skapa enn formlegri ramma varðandi samstarf stofnanna en nú er.

2.1.9

TILLAGA 9: ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Skýrsluhöfundar leggja til að laga- og stjórnskipulegt umhverfi stofnanna sem rannsaka skattsvik sé þannig úr garði gert að það auðveldi alþjóðlega samvinnu við rannsókn skattsvikamála.

Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu misserum lagt aukna áherslu á að taka þátt í alþjóðasamstarfi að því er tekur til skattsvikamála. Hér má t.d. nefna alþjóðlega samvinnu um skipti á upplýsingum auk þess sem íslensk stjórnvöld hafa leitast við að fara eftir tilmælum OECD um úrbætur á lögum og starfsemi eftirlits- og rannsóknaraðila. Ísland er m.a. aðili að Financial Action Task Force (FATF) sem er alþjóðlegur framkvæmdahópur sem hefur m.a. gefið út tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá hefur Ísland tekið þátt í starfi starfshóps OECD - Task Force on Tax Crimes and Other Crimes (TFTC), en sú skýrsla sem hér er til kynningar er einmitt unnin af þeim starfshópi eins og fram kom í upphafi. Beita íslensk stjórnvöld í síauknum mæli þeim alþjóðlegu samningum sem hér eru fyrir hendi.

Mikilvægt er að Ísland komi í sem víðustum skilningi að alþjóðlegri samvinnu á sviði skattsvikamála og annarra fjármálabrota.

2.1.10

TILLAGA 10: VERND RÉTTINDA GRUNADS/ÁKÆRDS AÐILA.

Skýrsluhöfundar brýna fyrir stjórnvöldum að skattþegn sem grunaður sé eða ákærður fyrir skattsvik verði að geta treyst á að grundvallar réttindi séu virt. M.a. er nefnd vernd sakbornings gegn tvöfaldri refsingu (ne bis in idem).

Telja verður að sakborningar hér á landi njóti grundvallar réttinda í skattsvikamálum. Réttindi þeirra eru tryggð í lögum um meðferð sakamála, lögum um Mannréttindasáttmála Evrópu og með mannréttindaákvæðum Stjórnarskrárinnar.

Að því er varðar vernd sakbornings gegn tvöfaldri refsingu (ne bis in idem), er ekki úr vegi minnst á tvo dóma. Annars vegar dóm Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar o.fl. gegn íslenska ríkinu, sem kveðinn var upp þann 18. maí s.l. og dóm Hæstaréttar nr. 283/2016 (ákærvaldið gegn X), sem kveðinn var upp þann 21. september 2017. Ekki þykir ástæða til þess að reifa dómanna sérstaklega hér en ágreiningur var um hvort að hérlend efnismeðferð og sakfelling hefði brotið í bága við 4. gr. 7. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem kveður á um bann við endurtekinni málsmeðferð í sakamálum.

Að mati skattrannsóknarstjóra verða framangreindir dómar fyrst og fremst taldir veita tilefni til breytingar á verklagi í þeim mála-flokki sem um ræðir en embættið álítur þá ekki fela í sér kröfu um lagabreytingar. Æskilegt er þó að yfirfara lagaákvæði samhliða framkvæmd á þessu sviði til að tryggja að hún verði sem best.

3.0

NIÐURLAG:

Eins og hinar nýlegu íslensku skýrslur bera með sér eru verkefnin ærin. Hafa verið lagðar fram fjölmargar tillögur til úrbóta sem margar hverjar hafa þegar hlotið brautargengi á meðan aðrar eru til nánari skoðunar. Sé horft til framangetinna 10 meginreglna sem lýst er í skýrslu OECD má þó fullyrða að frammistaða íslenskra stjórnvalda sé að meginstefnu til góð. Hefur töluverð vinna verið lögð í að greina þau vandamál sem uppi eru og hafa úrbótatillögur verið á borð bornar.

Eins og lýst er í hinum íslensku skýrslum má þó enn frekar taka mið af tillögum sem fram hafa komið, jafnt frá innlendum aðilum og erlendum, s.s. frá OECD, sem og að efla skilvirkni og samstarf bæði stofnanna hér innanlands og við erlend ríki.

Guðmundur Skúli Hartvigsson





Dánarbú er lögaðili og ber sjálfstæða skattskyldu og fer álagning á dánarbú eftir álagningarreglum sem gilda um lögaðila, m.a. hvað skattprósentu varðar. Skatthlutfall dánarbúa er 36%

ERFÐARÉTTUR OG ERFÐAFJÁRSKATTUR

Halla Björg Evans er lögmaður og Guðrún Björg Bragadóttir er viðskiptafræðingur, báðar starfa hjá KPMG.

Um erfðarétt gilda þrenn lög; erfðalögin nr. 8/1962 (hér eftir erfðalögin), lög um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 (hér eftir skiptalögin) og lög um erfðafjárskatt nr. 14/2004 (hér eftir erfðafjárskattslögin).

ERFINGJAR

Í upphafi þarf að skilgreina erfingjana því ólíkar lagareglur gilda eftir því hverjir eiga í hlut. Erfingjar skiptast í skylduerfingja, aðra erfingja og bréferfingja. Skylduerfingjar eru maki (hjóaband áskilið) og börn. Í 1. gr. erfðalaga er skilgreint hverjir eru lögerfingjar en það eru skylduerfingjar og önnur skyldmennir arfláta, þ.e. foreldrar, foreldrar foreldranna, systkini og afkomendur þeirra. Bréferfingjar eru erfingjar skv. erfðaskrá.

Skylduerfingjar erfa arfláta í föstum hlutföllum, maki ávallt 1/3 en börn 2/3. Ef arfláti á engan maka, taka börn allan arf og að sama skapi ef arfláti á engin börn tekur maki allan arf. Ef arfláti á enga skylduerfingja þá taka aðrir lögerfingjar við eignum arfleiddanda samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nema arfláti eigi bréferfingja.

Arfláti sem á ekki skylduerfingja, má með erfðaskrá skv. 35. gr. erfðalaga, ráðstafa öllum eignum sínum til þess eða þeirra sem hann sjálfur óskar en ef arfláti á skylduerfingja má hann aðeins ráðstafa þriðjungi eigna sinna til þess eða þeirra sem hann sjálfur

óskar. Þannig má arfláti með erfðaskrá ráðstafa eignum sínum til hagsbóta fyrir skylduerfingja (ef við á), lögerfingja eða aðra; ótengda einstaklinga eða félagasamtök. Rétt er að vekja athygli á að ef félagasamtök sem uppfylla ákveðin skilyrði fá arf þá ber sá arfur ekki erfðafjárskatt. Arfur til maka er einnig skattfrjálss en aðrir erfingjar greiða 10% erfðafjárskatt.

SAMBÚÐARAÐILAR

Milli hjóna er gagnkvæmar erfðaréttur og langlífari maki á rétt til setu í óskiptu búi. Sambúðarfólk getur undir engum kringumstæðum fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Sambúðarfólk á ekki rétt á arfi eftir hvort annað nema það hafi gert erfðaskrá þess efnis, sem samrýmist viðkomandi reglum erfðalaga. Rétt er að benda á að ef sambúðarfólk gerir erfðaskrá sína réttilega þá greiðir eftirlifandi sambúðaraðili ekki erfðafjárskatt af slíkum arfi.

SETA Í ÓSKIPTU BÚI

Eins og fyrr segir getur einungis eftirlifandi hjúskaparmaki fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Ef hjón eiga einungis sameiginleg börn þarf langlífari maki ekki leyfi barnanna fyrir setu í óskiptu búi. Ef skammlífari makinn átti börn fyrir þá þarf langlífari maki samþykki stjúpbarnsins fyrir setu í óskiptu búi nema hjónin hafi tilgreint í erfðaskrá sinni að það sé vilji þeirra að langlífari maki geti setið í óskiptu búi í samræmi við 3. mgr. 8. gr. erfðalaga.



Að sama skapi geta hjón tilgreint það sérstaklega ef þau vilja að dánarbú skammlífari maka verði tekið til skipta og að ekki verði hægt að fá leyfi til að sitja í óskiptu búi sbr. 1. mgr. 7. gr. erfðalaga.

ERFÐASKRÁ

Allir einstaklingar 18 ára og eldri geta gert erfðaskrá en hún þarf að vera skrifleg og uppfylla ákveðin skilyrði varðandi þær upplýsingar sem þar þurfa að koma fram sbr. VI. kafla erfðalaga. Erfðaskrá þarf að votta, annað hvort af tveimur vottum 18 ára eða eldri, eða af lögbókanda (sýslumanni). Við höfum almennt mælt með því við okkar viðskiptavinum, að þeir fái lögbókanda til að votta erfðaskrá og geyma eintak af erfðaskránni hjá viðkomandi sýslumannsembætti, en ólíkt kaupmálum þá birtast hvergi opinberlega upplýsingar um erfðaskrár. Þannig er hægt að tryggja að farið sé að vilja hins látna.

Algengustu ákvæði í erfðaskrá eru framangreind heimildarákvæði um setu langlífari maka í óskiptu búi sem og ákvæði um ráðstöfun eigna með erfðaskrá. Einnig er nokkuð algengt að í erfðaskrá sé ákvæði þess efnis, að arfur sé séreign erfingja.

Fólk getur sett í erfðaskrá sína ákvæði um að arfur verði séreign erfingja í samræmi við 1. mgr. 77. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og þá einnig að andvirði það er kemur í stað arfshluta, sem háður er framanrituðu skilyrði, skuli verða séreign, svo og tekjur af séreigninni. Þetta er í raun heimildarákvæði og virkar að vissu leyti eins og ákvæði um séreignir í kaupmála.

SKIPTI DÁNARBÚA

Hægt er að ljúka skiptum á dánarbúum (1) með því að eftirlifandi maki fær leyfi til setu í óskiptu búi sbr. 27. gr. skiptalaga, (2) með því að erfingjar lýsi yfir að dánarbúið sé eignalaust (að andvirði eigna dánarbús nemi ekki meira en kostnaði við útför hins látna) í samræmi við 25. gr. skiptalaga, (3) með því að sýslumaður ljúki skiptum á dánarbúi ef hann fær ekki svör um hagi búsins sbr. 26. gr. skiptalaga, (4) með einkaskiptum sbr. 28. gr. skiptalaga eða (5) með opinberum skiptum sbr. IV. kafla skiptalaga.

Einkaskipti á dánarbúum er algengasta aðferðin sem farin er við að ljúka skiptum á dánarbúi. Hafa verður þó í huga að allir erfingjar verða að vera sammála um að skipta dánarbúinu með einkaskiptum, enda bera þeir allir saman ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum ábyrgð). Því er mikilvægt áður en erfingjar óska eftir leyfi til einkaskipta, að þeir geri sér grein fyrir skuldum og ábyrgðum dánarbúsins, því eftir að leyfi til einkaskipta er veitt þá bera erfingjar alla ábyrgð á skuldum hins látna, jafnt þeim skuldum sem þeim er kunnugt um sem og skuldum sem þeim er ókunnugt um. Þó skal benda á þann rétt erfingja að

þeir geta krafist opinberra skipta á dánarbúinu þótt þeir hafi áður fengið leyfi til einkaskipta sbr. 1. mgr. 38. gr. skiptalaga.

Við einkaskipti er vert að athuga ábyrgðir hins látna, t.d. vegna lána frá LÍN en ábyrgðin fellur ekki niður við lát ábyrgðarmannsins heldur taka erfingjar við ábyrgðinni nema skuldarinn útvegi nýjan ábyrgðarmann eða t.d. veð í húsinu sínu. Sama á auðvitað við um aðrar skuldir sem ekki er veð fyrir eða veð ekki nægilegt, sem og t.d. skattaskuldir.

Ef vafi leikur á hvort eignir dugi fyrir skuldum hins látna eða þegar miklar líkur eru á því að hinn látni skuldi eitthvað sem ekki hefur fengist staðfest eða er vitað um, eða jafnvel hvíli ábyrgðir á dánarbúinu sem erfingjar treysta sér ekki að taka við, þá er hægt að velja þá leið að óska eftir opinberum skiptum á dánarbúi. Ef erfingjar eru ekki sammála um að sækja um leyfi til einkaskipta þá þurfa að fara fram opinber skipti á dánarbúinu.

Beina þarf kröfu um opinber skipti til héraðsdóms og geta slíkar kröfur verið lagðar fram af (1) sýslumanni skv. 37. gr. skiptalaga, (2) erfingjum skv. 38. gr. skiptalaga, (3) beiðni í erfðaskrá skv. 39. gr. skiptalaga eða (4) kröfuhafa skv. 40. gr. skiptalaga.

Leyfi til opinberra skipta er ekki veitt nema fullvíst sé að eignir dánarbúsins dugi fyrir skiptakostnaði eða sá sem krefst skiptanna setji tryggingu fyrir kostnaðinum. Að mörgu leyti er skiptaferlið líkt og við einkaskipti en kostnaður er þó yfirleitt meiri. Við opinber skipti er skiptastjóri skipaður til að framkvæma skiptin og er kostnaður af störfum hans greiddur af eignum dánarbúsins eða tryggingu þess sem krafðist skipta.

Til að lesendur geti betur glöggvað sig á hver arfshluti hvers erfingja verður við skipti á ímynduðu dánarbúi ætlum við að leiða út arfshluta erfingja Jóns og Gunnu sem eru gift og eiga eitt barn saman. Jón á auk þess tvö börn frá fyrra sambandi og Gunna eitt barn. Alls eiga Jón og Gunna því fjögur börn. Hrein eign búsins er 100.000.000 kr.

Nú gerist það að Jón fellur frá og þá þarf fyrst að skoða hvort Gunna megi sitja í óskiptu búi. Gunna þarf að fá samþykki stjúpbarna sinna til að fá að sitja í óskiptu búi nema Jón og Gunna hafi gert erfðaskrá þar sem langlífari maka er heimilað að sitja í óskiptu búi. Gunna má alltaf skipta dánarbúinu þrátt fyrir ákvæði erfðaskrár um heimild til setu í óskiptu búi. Hún getur líka byrjað á að sitja í óskiptu búi og skipt búinu síðar, að hluta eða öllu leyti.

Ef við gefum okkur að Gunna ákveði að skipta búinu, þá yrði arfshlutur Gunnu og barnanna sem hér segir:



Heildareign dánarbúsins	100.000.000
Helmingshluti maka	50.000.000
Arfur maka (1/3)	16.666.650
Arfur barna (2/3)	33.333.350

Eignarhluti maka eftir skipti	66.666.650
Eignarhluti barns beggja hjóna	11.111.117
Eignarhluti barns 1 (Jónsbarn)	11.111.117
Eignarhluti barns 2 (Jónsbarn)	11.111.117
	100.000.000

Nú gerist það að Gunna fellur frá. Til einföldunar gerum við ráð fyrir að dánarbú Gunnu eigi sömu fjárhæð og eignarhluti hennar var eftir skipti á dánarbúi Jóns, þ.e. 66.666.650 kr. Arfur barnanna yrði sem hér segir:

Eignarhluti dánarbús Gunnu	66.666.650
Eignarhluti barns beggja hjóna	33.333.325
Eignarhluti barns Gunnu	33.333.325

Alls fá erfingjar Jóns og Gunnu:	
Sameiginlegt barn	44.444.441
Barn Gunnu	33.333.325
Barn Jóns 1	11.111.117
Barn Jóns 2	11.111.117
	100.000.000

ERFÐAFJÁRSKATTUR

Greiða skal erfðafjárskatt af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi hverfa til erfingja hins látna, nema langlífari hjúskapar-maki sem greiðir engan erfðafjárskatt. Erfðafjárskattur er 10%. Engan erfðafjárskatt skal greiða af fyrstu 1.500.000 kr. í skattstofni dánarbús. Undanþágan gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleiddanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Það er semsagt skattstofninn á dánardægri sem kemur til skattlagningar, ekki skattstofn á dagsetningu skipta dánarbúsins.

Með heildarverðmæti er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Fasteignir skal meta á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá fasteignaskrá á dánardegi. Hlutabréf skal meta á gangverði í viðskiptum annars á bókfærðu verði eigin fjár

skv. síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi að viðbættum áunnum óefnislegum verðmætum sem metin eru til fjár og gefa af sér arð í framtíðinni en óheimilt er lögum samkvæmt að færa til bókar.

Skuldir koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, þ.m.t. væntanlega opinber gjöld. Erfðafjárskatturinn kemur ekki til frádráttar.

Tekjuskattstofn vs. erfðafjárskattstofn

Við rekum okkur oft á að erfingjar vilja blanda saman erfðafjárskattstofni og tekjuskattstofni. Þó nokkur munur getur verið á þessum tveimur skattstofnum og hér á eftir eru tekin saman nokkur dæmi um mismun sem getur verið á þessum tveimur skattstofnum.

Hlutabréf	Verðbréf
Erfðafjárskattstofn hlutabréfa er markaðsvirði bréfanna.	Ef verðbréf eru seld áður en skiptum lýkur skattleggjast tekjurnar (vaxtatekjur og söluhagnaður) með 36% skatti.
Tekjuskattstofn hlutabréfa er mismunur á upphaflegu stofnverði hlutabréfanna og söluverði.	Ef verðbréf eru seld eftir að skiptum lýkur skattleggjast tekjurnar (vaxtatekjur og söluhagnaður) með 20% fjármagnstekjuskatti.

Íbúðarhúsnæði	Frístundahúsnæði
Erfðafjárskattstofn íbúðarhúsnæðis er fasteignamat íbúðarhúsnæðisins á dánardægri.	Erfðafjárskattstofn frístundahúsnæðis er fasteignamat frístundahúsnæðisins á dánardægri.
Söluhagnaður húsnæðis reiknast sem mismunur á upphaflegu kaupverði arfláta og söluverði.	Söluhagnaður húsnæðis reiknast sem mismunur á upphaflegu kaupverði arfláta og söluverði.
Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis er skattfrjálst ef sameiginlegur eignarhaldstími arfláta og erfingja er umfram 2 ár og stærð húsnæðis undir 600/1.200 m ³ .	Söluhagnaður frístundahúsnæðis er skattskyldur. Heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar við sölu á frístundahúsi.



SKATTSKIL

Við andlát manns lýkur skattskyldu einstaklings og til verður dánarbú sem tekur við öllum eignum og skuldum hins látna. Skattskyldu dánarbús lýkur við skiptalok hjá sýslumanni.

Dánarbú er lögaðili og ber sjálfstæða skattskyldu og fer álagning á dánarbú eftir álagningarreglum sem gilda um lögaðila, m.a. hvað skattprösentu varðar. Skatthlutfall dánarbúa er 36%.

Það á við um allar tekjur dánarbús sem hafa orðið til eftir andlát en fyrir lok búskipta, þ.á m. vaxtatekjur af bankainnstæðum, innlausnarvexti af verðbréfum og söluhagnað af hlutabréfum og öðrum eignum, en þó með þeirri undantekningu að fenginn arður er skattlagður sem fjármagnstekjur (20% skattur).

Á andlátsári ber að skila hefðbundnu einstaklingsframtali, RSK 1.01. Álagning miðast við álagningu einstaklinga fram að dánardægri en álagningu dánarbúa eftir dánardægur.

Á öðru ári eftir andlát og síðar ber að skila skattframtali dánarbús, RSK 1.03. Heimilt er að draga frá tekjum dánarbúsins kostnað vegna eigna dánarbúsins, s.s. vaxtagjöld, hússjóð og fasteignagjöld. Ekki er heimilt að draga frá tekjum dánarbúsins kostnað við gerð skattframtals dánarbúsins eða gerð erfðafjárskýrslu.

Erfingjar telja fram til skatts fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptastjórar telja fram fyrir dánarbú í opinberum skiptum.

Halla Björg Evans og Guðrún Björg Bragadóttir

ÚR FÉLAGSLÍFINU



Frá Skattadegi í janúar 2017



Frá Skattadegi. Þéttsetinn salur



Morgunkorn um 4. iðnbýltinguna



Morgunkorn um áhættustjórnun

Því hljóttum við sem félag að vilja leggja áherslu á að þessi veigamiklu lög verði tafarlaust skýrð frekar með reglugerðum, reglum og leiðbeiningum til þess að stjórnir fyrirtækja landsins hafi haldbærar reglur við uppsetningu ársreikninga í stað óteljandi minnisblaða þar sem löggin eru túlkuð á þvers og kruss



TVÖ ÁR FRÁ NÝJUM ÁRSREIKNINGALÖGUM

Atli Þór Jóhannsson er endurskoðandi hjá PwC

Nú eru liðin tvö ár frá gildistöku umsvifamikilla breytinga á lögum um ársreikninga sem í daglegu tali er fjallað um sem nýju ársreikningalögum. Eins og ritað var í þetta blað fyrir ári síðan af Sæmundi Valdimarssyni, endurskoðanda, voru um að ræða breytingar sem má rekja til innleiðingar á tilskipunum Evrópusambandsins og viðbúið var að einhver yrðu álitamálin þegar fyrirtæki og endurskoðendur færu að beita ákvæðum laganna. Það var von greinarhöfundar í fyrra að álitsnefnd FLE, nýskipað reikningsskilaráð og eftir atvikum skattyfirvöld myndu sem allra fyrst svara álitamálum en lítið hefur verið um formleg álit, einna helst hafa verið leiðbeinandi spurningar og svör.

Reikningsskilanefnd FLE gaf út í byrjun árs 2017 svör nefndarinnar við spurningum félagsmanna á nýjum lögum um ársreikninga og svaraði Reikningsskilaráð sömu spurningum um mitt

ár 2017. Voru aðilar í meginatriðum sammála um svör flestra spurninga en álit beggja höfðu þó þann fyrirvara á að ekki væri um að ræða formlega birtingu sem vísa mætti til. Nú nýlega gaf Ársreikningaskrá út áhersluatriði í eftirliti vegna reikningsársins 2017 sem gaf tóninn í nokkrum málefnum og sýn Ársreikningaskrár á nýju lögunum.

Því telur greinarhöfundur að þessi málefni eigi enn við hjá Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem óvissa um túlkun þessara laga getur orsakað erfiðleika fyrir endurskoðendur og stjórnendur fyrirtækja að fara eftir ákvæðum laganna.

Helstu álitamálin sem greinarhöfundur fjallar um eru bundnir eigin fjár reikningar, ófjárhagslegar upplýsingar, ársreikningar á íslensku og áhrif alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS). Álitamálin eru þó mun fleiri.



ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF

Í 66 gr. laga um ársreikninga kemur fram að félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar ýmsar ófjárhagslegar upplýsingar. Við birtingu ársreikninga ársins 2016 voru margar stjórnir félaga sem beygðu frá þessari grein laganna með vísan í að lagasetningin hefði borist seint og því ekki hægt að upplýsa um þessi atriði í ársreikningi 2016 en bentu á að upplýsingagjöfin yrði betri fyrir árið 2017.

Þessi lagagrein er óljós að mati greinarhöfundar og þá sérstaklega hvaða félög skulu flokkast undir ófjárhagslega upplýsingagjöf. Það sem einna helst er að vefjast fyrir notendum laganna er skilgreiningin á „og“ í greininni. Þarf félag að uppfylla eingöngu að vera eining tengd almannahagsmunum eða þarf það að uppfylla að vera eining tengd almannahagsmunum og stórt félag og síðast en ekki síst þarf móðurfélag stórrar samstæðu að eingöngu uppfylla stærðarmörkin eða þarf það einnig að vera eining tengd almannahagsmunum?

Í minnisblaði Reikningsskilaráðs kemur fram að ráðið telur vissu að ósamræmi sé á milli tilskipunarinnar og ársreikninga-laganna en hallast að því að greinin eigi ekki við um einingar tengdar almannahagsmunum sem ná ekki stærðarmörkunum. Í minnisblaði Ársreikningaskrár kemur ekki fram sami skilningurinn en þar segir að einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélag stórrar samstæðu skuli birta ófjárhagslegar upplýsingar.

Eins og bersýnilega sést hefur þessi grein skapað óvissu fyrir félög sem hvert á fætur öðru munu birta ársreikninga á næstunni. Því vísar greinahöfundur til orða Reikningsskilaráðs sjálfs: „Ástæða kann að vera til að skoða þetta nánar“.

ÍSLENSKA

Í ársreikninga lögunum kemur fram að texti ársreiknings skuli alltaf vera á íslensku en að auki á ensku ef þörf krefur. Þessi breyting kemur fram í umsögn Íslensk málaneftarar við nýju ársreikningalögin með vísan til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og til íslenskrar málstefnu. Þessi breyting hjálpar íslenskunni að festa sig í sessi í alþjóðlegu umhverfi og á að tryggja það að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Greinahöfundur er sammála því að íslenskan á undir höggi að sækja og þurfum við að tryggja framtíð hennar en telur það ekki réttu leiðina í gegnum ársreikningalögin.

Félög sem starfa á alþjóðlegum vettvangi með erlenda stjórnarmenn eiga erfitt með að kyngja þessari breytingu. Margir ársreikningar ársins 2016 höfðu fyrirvara á forsíðu sinni til Ársreikningaskrár þar sem fram kom að íslenska útgáfan væri þýðing og væri munur á enskri og íslenskrí útgáfu ársreiknings gildir enska útgáfan frammar.

Nú hefur Ársreikningaskrá með minnisblaði sínu tekið af allan vafa og munu eingöngu taka við ársreikningum á íslensku og sé fyrirvari eins og lýst var hér að undan verði gerð krafa um nýjan hluthafafund félagsins áður en ársreikningaskrá tekur þau til opinberar birtingar. Að mínu mati tel ég þetta afturför í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, greinahöfundur ætti erfitt með að undirrita ársreikning á Svahili sem þó milljónir manna tala, ímyndið ykkur fyrir erlenda stjórnarmann að þurfa að undirrita á íslensku sem örfáir eyskeggjar í norðri tala.

ÁHRIF ALÞJÓÐLEGRA REIKNINGSSKILASTAÐLA

Ein af grunnreglum ársreikningalaga er sú að félög skulu semja ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á og sé ekki mælt fyrir um tiltekið atriði í lögum þessum eða reglugerðum skal fara eftir viðeigandi ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Því vaknar spurningin, hvað eru settar reikningsskilareglur? Sá vafi var tekinn af með skilgreiningu nr. 35 en þar segir að settar reikningsskilareglur séu reglur reikningsskilaráðs og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS).

Nú er því orðið skýrt að taki ársreikningalögin ekki á tilteknu atriði skuli leita á náðir alþjóðlegra reikningsskilastaðla á meðan reikningsskilaráð hefur ekki gefið út reglur um það. Greinarhöfundur fannst þetta atriði himnasending fyrst um sinn, þá þyrfti ekki að setjast á rökstóla þegar vantaði rökstuðning því þá væri hægt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Við nánari eftirgrennslan rennur á mann tvær grímur.

Nú eru ýmsir nýir reikningsskilastaðlar alþjóðlegra reikningsskilaráðsins að taka gildi eins og IFRS 9, IFRS 15, IFRS 16 og svo lengi mætti telja en leggjum áherslu á IFRS 16. Í stuttu máli hafa alþjóðlegir reikningsskilastaðlar nú breytt túlkun sinni á leigusamningum og er ekki gerður greinarmunur á fjármögnunarleigusamningi og rekstrarleigusamningi og skulu því allir lengri leigusamningar sem ekki eru undir „low-value“ hugtaki (undir 500 þús.kr.) vera eignfærðir og skuldfærðir.

Sé litið til nýju ársreikningalagana kemur fram að fjármögnunarleigusamningar skulu færðar í samræmi við settar reikningsskilareglur og ekki er minnst á orðið rekstrarleigusamningur.





Frrá Reikningsskiladegi



Jón Arnar Baldurs bar hita og þunga af yfirferð nýrra ársreikningalaga

Því er ekki hægt að draga aðra ályktun en svo að öll félög sem gera upp samkvæmt íslensku ársreikningalögunum þurfi að fara eftir IFRS 16. Undirritaður telur það ekki hafa verið markmið alþjóðlega reikningsskilaráðsins með nýja staðlinum að Jói málningarmeistari á Íslandi skyldi eign- og skuldfæra þriggja ára rekstrarleigusamning sinn vegna nýju málningarvélarinnar.

BUNDNIR EIGIN FJÁR REIKNINGAR

Með breytingum á ársreikningalögunum komu fram mörg tilfelli þar sem félög skyldi binda hluta af óráðstöfuðu eigið fé sínu, til dæmis þróunarkostnað, við beitingu hlutdeildaraðferðar, óinnleystum hagnaði verðbréfa o.fl. Með þessari breytingu var verið að mæta þeirri áhættu sem skapaðist hér á árum áður þar sem óráðstafað eigið fé félaga var mögulega litað af óinnleystum hagnaði.

Hugsunin á bakvið þessa útreikninga er jákvæð þar sem verið er að minnka áhættu lánadrottna á að arðgreiðslur félaga verði of háar en fyrir reikningsskilagúrúa vöknudu margar spurningar. Hvernig átti að byrja? Má mynda neikvæða reikninga? Frádráttarbærni arðs vegna fyrri ára? Er nóg að taka ákvörðun um arðgreiðslu? Má netta á milli dótturfélaga?

Fyrst um sinn töldu flestir þetta vera einkamál reikningsskilagúrúa sem væru fastir í smáatriðum laganna til að selja aukatíma

en þegar félög áttuðu sig á því að með þessum ákvæðum væri verið að hafa áhrif á arðgreiðslur vaknaði áhugi fleiri aðila. Sum þessara atriða voru afgreidd óformlega í minnisblaði Reikningsskilaráðs en mörgum atriðum var velt yfir á túlkun Ríkisskattstjóra á arðgreiðsluheimild félaga.

Þar sem ekki hafa verið gefnar út formlegar reglur og túlkningar á þessum atriðum eru félög í allra versta falli að úthluta ólögmaetum arði sem eru hörð viðurlög við.

LOKAORÐ

Með þessari grein vildi greinarhöfundur minna okkar góðu stétt endurskoðenda á þá staðreynd að í hartnær tvö ár hafa nú verið í gildi lög sem hafa viðtæk áhrif á okkar störf, hvort sem um er að ræða við aðstoð við uppsetningu ársreikninga smærri félaga eða endurskoðun á stórfyrirtækjum þar sem við áritum með faggildingu okkar að veði. Því hljótum við sem félag að vilja leggja áherslu á að þessi veigamiklu lög verði tafarlaust skýrð frekar með reglugerðum, reglum og leiðbeiningum til þess að stjórnir fyrirtækja landsins hafi haldbærar reglur við uppsetningu ársreikninga í stað óteljandi minnisblaða þar sem lögin eru túlkuð á þvers og kruss.

Atli Þór Jóhannsson

Ástandið á bókhaldinu er eins og að þú kæmir á sveitabæ til að gelda hest og spyrðir. Hvar er hesturinn sem ég á að gelda? og fengir svarið, hann er upp á heiði þú verður að ná í hann sjálfur. Dýralæknirinn náði það vel ábendingunni að bókhaldið var mun betur frágengið árið eftir

FRJÁLST SÆTAVAL EFTIR 40 ÁR

Benóní Torfi Eggertsson, Halldór Arason, Stefán D. Franklín og Sigurður Pálmi Sigurðsson eru endurskoðendur og góðir félagar

Nú þegar við nokkrir félagar stöndum frammi fyrir því eftir áratugi við endurskoðunarstörf að fara í svokallað frjálst sætaval á okkar vinnustað, sem þýðir að við göngum ekki lengur að fastri vinnustöð, þá datt okkur í hug að setja saman greinarkorn um það hvernig vinnustaður endurskoðunarskrifstofa var þegar við hófum þar störf fyrir um 40 árum. Jafnframt langar okkur til að koma að nokkrum skemmtilegum sögum tengdum starfinu og starfsferlinum.

Við byrjuðum allir á 20 ára afmælisárinu okkar á Endurskoðunarskrifstofu Björns E. Árnasonar en sú skrifstofa hafði þá aðsetur á 3 hæð að Tjarnargötu 16 með gott útsýni yfir

Tjörnina. Að sjálfsögðu fengum við allir að heyra brandarann um að starf okkar fælist í því að skoða endur.

Starfsviðtal á þessum tíma fólst meðal annars í því að viðkomandi var spurður hvort hann hefði unnið í fiski og ef svarið var já, þá var hann í framhaldinu spurður hvað hann hefði verið með í bónus. Ef bónusinn hafði verið góður þá var viðkomandi ráðinn.

Húsnæðið var gömul íbúð og var okkur komið fyrir í mis stórum herbergjum, sumir voru í eldhúsinu, aðrir í svefnherbergjunum og enn aðrir í stofunni. Stjórnarnir, endurskoðendurnir Valur



Greinarhöfundar með gömul vinnuskjöl



Franklín og Arnór Eggertsson voru einir í herbergi en við hinir deildum herbergjum. T.d var Halldór Arason á bak við hurð hjá Stefáni Franklín en Benóní Torfi Eggertsson deildi svefnherbergi með Sigurði Pálma Sigurðssyni þar sem skrifborðin komust varla fyrir.

Á þeim tíma er við höfum störf réði einnig ríkjum á stofunni Árni Björnsson mikilsvirtur endurskoðandi og lögmaður en hann lést fyrir aldur fram á árinu 1978. Hann er nefndur hér til sögunnar því að hann þótti með afbrigðum góður penni og kærur hans til skattstjóra voru margar listasmíð. Eitt sinn sendi hann vísu með kæru til Skattstofunnar í Reykjavík vegna útstrikunar á ákveðnum gjaldfærðum kostnaði í rekstrarframtali umbjóðanda hans:


Látin var á leiði manns,
lítil kveðja vinar hans.
Fátæglegur föður kranz,
sem fór í taugar skattstjórans.

Skattstjóri svaraði kærinni í sömu mynt:

Frekur þykir mér forstjórinn,
er frádrátt vantar á skattinn sinn.
Látinn er kærasti kunninginn,
komin hans minning á reikninginn.
Siggi kom úr Versló, en við hinir komum úr MR, MT og MH
þannig að ekki fór mikið fyrir viðskiptaþekkingu annarra en Sigga.

Nýliðanámskeiðin fólust í því að læra á mekaníska og háværa samlagningarvél oftast af Addo-X gerð og æfa sig á henni í marga daga til að ná upp almennilegum hraða og þar með var nýliðanámskeiðinu lokið. Samlagning var málið og vinnan til að byrja með fólst í því að leggja saman endalausa dálka af handskrifuðum tölum í dagbókum og höfuðbókum, sem hinir

reyndari tóku við, færðu upp á „balance“ og luku við gerð ársreiknings. Sumar- og haustvinna nema fólst í að loka reikningsárinu í bókhaldinu með því að tvíundirstrika dálkana í dagbókunum og höfuðbókinni og opna nýtt ár í höfuðbókinni með því að færa undirstrikaða lokatöluna á efnahagsdálkunum sem opnun neðar á blaðsíðuna í höfuðbókinni. Langan tíma jafnvel viku gat tekið að loka bókhaldsbókum stórra fyrirtækja og loka þannig árinu og færa opnunarfærslur fyrir nýtt ár sem í dag tekur tölvuna aðeins andartak.



Úrskurður Skattstjóra

Nemarnir voru á jafnaðarkaupi, fengu ekki eftirvinnu borgaða, hvorki launað sumarfrí né veikindafrí og var almennt bannað að fara í próf á vorin og urðu þess í stað að taka haustpróf ef þeir voru í námi. Sumarfríin voru þá gjarnan notuð til próflestrar. Á þessum tíma þekktist að nemar yrðu að kaupa samlagningarvélarnar mikilvægu sjálfir, af því að það var svo stórt tækifæri að fá að vinna á endurskoðunarskrifstofu að sögn eigendanna. Ekki var óalgengt að verðið á þessum vélum slagaði upp í mánadarkaup nemans. Á þessum tíma voru nefnilega eigendur eigendur og nemar nemar.

Upphafsfundur, áhættumat og sviksemisumræða eru ekki nýtt af nálinni, en var með nokkuð öðru sniði þegar við stigum okkar fyrstu skref á endurskoðunarskrifstofunni. Þá settist stjórinn oft niður og fékk sér í glas með forráðamönnum félagsins og var þá farið vítt og breitt yfir málefni viðskiptavinarins þannig að eftir þær umræður voru allir hlutir sem máli skiptu við undirbúning endurskoðunarinnar og þekkingu á viðskiptavininum á hreinu. Neminn sá svo um að fletta fylgiskjalamöppunum og krotu upphafsstafi sína á skjölin með grænum penna til staðfestingar á unninni endurskoðunarvinnu.



„Balance“ blöð

Fyrir utan samlagningar og undirstrikanir gátu ýmis störf fallið í hlut nema. Einn vordaginn henti Valur bíllyklunum sínum í Benna og sagði: Jæja góurinn, nú ferð þú með bílinn minn á bílaverkstæðið inn við Sundin og lætur setja á hann sumar-dekkin. Benni dreif sig út í bílinn hans Valla sem var gömul drossía af Citroen Pallas gerð með gírana í stýrinu og hvernig sem hann reyndi þá kom hann ekki bílnum í bakkgrí. Ekki kom til greina að fara aftur inn og spyrja Val, því hann gat brugðist misjafnlega við spurningum sem honum fannst að allir ættu að vita svörin við. Benni brá þá á það ráð að spyrja vegfarendur sem áttu leið fram hjá Tjörninni hvort þeir kynnu að setja svona bíl í bakkgrí. Sá fimmti sem var spurður kunni það, þannig að Benni keyrði í burtu glaður í bragði. Þarna lærði Benni sjálfstæð vinnubrögð og að hugsa út fyrir rammann.

Með tíð og tíma fékk neminn síðan að kynna því að færa bókhald. Þar sem aðrir en Verslingar voru þar ekki á heimavelli þá var Siggi spurður um lausnir þegar hlutirnir vöfðust fyrir þeim, sem styttra voru komnir. Til dæmis var Benni eitt sinn að færa bókhald fyrir gjafavöruverslun þar sem annar eigandinn var nýlátinn. Kom þá til bókunar reikningur fyrir líkkistunni og spurði Benni því Sigga hvað nú væri til ráða við val á bókhaldslykli. Siggi svaraði að bragði: Hvernig finnst þér lykillinn glugga-skreytingar?

Líkamsræktin fólst í hádegisfótbolta út á Melavelli í Lunch United. Hins vegar var lítil skilningur á því að sú líkamsrækt myndi auka afköstin í vinnunni og gera starfsmenn ánægðari, heldur var þetta endalaus barátta um hvort matartíminn okkar væri bara frá 12 til 13 þótt sama dag væri maður kannski í vinnunni fram undir miðnætti. Þess má geta að Lunch United er ennþá við lýði án okkar.

Svokallað spjaldabókhald var mikil bylting á sínum tíma en það fólst í því að hver bókhaldslykill hafði sitt spjald. Fyrst var rétt spjald fundið og þá var debet talan prentuð með sérstakri vél á spjaldið ásamt dagsetningu, fylgiskjalsnúmeri og texta og síðan var spjaldið fyrir kredit færsluna fundið og sama aðgerð

framkvæmd. Þegar bókhaldið var tilbúið voru niðurstöðutölur hvers spjalds handskrifaðar inn á svokölluð „balance“ blöð sem pöntuð voru beint frá kóngsins Kaupmannahöfn. Þetta voru dálkaskipt blöð þar sem niðurstöður bókhaldsspjaldanna voru færðar í fyrsta dálk, eftir atvikum í debet eða kredit, milli-færslur og leiðréttingar fóru í næsta dálk og síðan var allt lagt saman og fært út í dálka fyrir ýmist rekstrar- eða efnahags-reikning og þar með var uppgjörið tilbúið og vélritað upp. Engar skýringar eða sjóðstreymi, bara einfalt líf.

Þetta einfalda líf breyttist síðan hægt og bítandi upp úr 1980 eftir að reikningsskilanefnd FLE gerði tillögur um að skýringar og sjóðstreymi fylgdu rekstrar- og efnahagsreikningi. Á svipuðum tíma breyttust skattalögin á þann hátt að taka varð tillit til verðbólgu við eignfærslu varanlegra rekstarfjármuna með endurmati og reikna varð verðbreytingarfærslu í rekstarreikningi til að gjaldfæra verðrýrnun peningalegra eigna og tekjufæra hagnað af peningalegum skuldum. Nú tók við hjá nemanum endalaus vinna við að finna kaupár varanlegra rekstarfjármuna og framreikna kaupverð þeirra frá kaupári til uppgjörsárs með svokölluðum verðbreytingarstuðli og síðan að reikna fengnar afskriftir eftir árafjölda til að finna endurmetnar eftirstöðvar fyrninganna sem eftir voru. Þetta var sem sagt gert í höndunum með reiknivél og handskrifað inn í fyrningaskýrslu. Síðan ef menn vildu vera flottir á því þá var hin handskrifaða fyrningaskýrsla vélritað áður en hún var pósthöfð til skattstjóra.

Skattalega framsetningin á verðbólgu reikningsskilum þótti síðan ekki nægilega nákvæm þar sem verðbreytingarstuðlarnir reiknuðu endurmat og verðbreytingarfærslu miðað við hækkun á meðaltalinu milli tveggja ára en miðað við stöðuna í ársbyrjun og ekkert var tekið tillit til þess hvað gerðist innan ársins hvorki í breytingu á verðbólgu eða á stöðu peningalegra eigna og skulda.

Þá kom til sögunnar svokölluð frávikaðferð sem hét því lýsandi nafni af því hún var frávik frá skattaðferðinni við að reikna endurmat og verðbreytingarfærslu. Samkvæmt henni var end-



EBEÁ sigurvegari í firmakeppni í fótbolta á gamla Melavellinum um 1980



urmatið reiknað miðað við kaupmánuð og verðbreytingarfærslan reiknuð út frá peningalegri stöðu í ársbyrjun og árslok miðað við verðbólgu innan ársins. Ef að rétt var reiknað, var hægt að framreikna afkomu ársins skv. rekstarreikningi frá meðalverðlagi yfir á árslokaverðlag, bæta þeirri tölu við eigið fé 1.1. verðbætt frá ársbyrjun til ársloka og þá átti samanlögð tala að stemma við eigið fé 31.12. Þessi aðferð var slík ánægjuuppspretta fyrir einn okkar að hann gat dundað sér við að reikna þetta fram og baka og um hann fór sæluhrollur þegar ofangreind afkomuafstemming gekk upp. Frá þessum manni var mikið tekið þegar verðbólguþreikningsskilum var hætt frá og með árinu 2003. Hann hélt persónulega að heimurinn myndi hreinlega hrynja en ekkert slíkt gerðist, ekki frekar en tölvurnar um aldamótin 2000.

Bæði Valur og Arnór voru góðar fyrirmyndir á sinn hátt og stundum voru tilsvör Arnórs varðandi starfið ógleymanleg. Eitt sinn vorum við að endurskoða bókhaldið hjá stórum viðskiptavin á landsbyggðinni, sem fólst í því að við fórum yfir öll fylgiskjölin og tékkuðum á því hvort þau væru rétt færð í bókhaldinu, svokölluð fylgiskjalaendurskoðun. Starfsmaður viðskiptavinarins kom í dyrnar á fundarherberginu þar sem við vorum og spurði: Viljið þið ekki smakka kleinurnar á kaffistofunni. Nei takk, svaraði Arnór, það er nóg af þeim í bókhaldinu. Starfsmaðurinn skildi strax hvað klukkan sló.

Dýralæknir sem var í viðskiptum hjá okkur kom með bókhaldsgögnin í möppu til Arnórs og eftir að Arnór hafði flett möppunni, þá spurði dýralæknirinn hvernig honum litist á. Arnór svaraði: Ástandið á bókhaldinu er eins og að þú kæmir á sveitabæ til að gelda hest og spyrðir. Hvar er hesturinn sem ég á að gelda? og fengir svarið, hann er upp á heiði þú verður að ná í hann sjálfur. Dýralæknirinn náði það vel ábendingunni að bókhaldið var mun betur frágengið árið eftir.

Valur fékk líka sinn skammt af skemmtilegum upþákomum t.d. kom eitt sinn viðskiptavinur sem rak verslun í öngum sínum til hans og hafði meðferðis langt bréf frá skattstjóra þar sem óskað var ítarlegra skýringa og gagna um hina ýmsu rekstarliði sem höfðu verið færðir til frádráttar í skattframtali liðins árs. Aumingja maðurinn bókstaflega skalf á beinunum og hafði sennilega ekki alveg nógu góða samvisku yfir öllum tilfærðum rekstarkostnaðinum. Valur reyndi að róa manninn og sagði honum að þetta væri sennilega bara almennt tékk hjá skattinum og að hann hefði bara verið dreginn út þetta árið. Hrópaði þá maðurinn upp yfir sig, gráti næst „og ég sem vinn aldrei í neinum happdrættum!“

Önnur skemmtileg upþákoma var þegar fyrirtæki sem var í viðskiptum við okkur lenti í lausafjárþörf og enginn skyldi af hverju, þar sem viðskiptavinir þess greiddu yfirleitt á gjalddaga. Eftir nokkra yfirlegu endurskoðandans kom í ljós að nýi reynslulausi gjaldkerinn útbjó samviskusamlega innborgunarkvittun sem hann fékk í bankanum, hefti síðan allar móttæknar ávisanir sem tilheyrðu þessari innborgun við kvittunina, gataði síðan allan bunkann og setti inn í möppu án þess að fara með þetta í bankann. Í raun má segja að hin rafræna hugsun þessa gjaldkera hafi verið langt á undan sinni samtid.

Ávallt var mikil tilbreyting í því fyrir okkur að vinna úti á landi og eftir því sem kaupþúnin voru smærri fannst heimamönnum meiri tilbreyting í að fá endurskoðandann í heimsókn. Eitt sinn fór Benni vestur á firði þar sem hann vann fyrir tvo viðskiptavinum. Benni fékk sér kaffi við vinnuna í mjólkursamlaginu og ætlaði að fá sér mjólk út í kaffið en var þá tjáð af starfsmanni að því miður væri bara til léttmjólk. Benni sagði að það væri allt í lagi og fékk sér léttmjólk út í kaffið. Daginn eftir var Benni kominn út í fiskvinnslu að vinna og þegar hann var að fá sér kaffi þar í matsalnum þá sagði starfsmaðurinn sem sá um kaffið: Ég frétti að þú notaðir léttmjólk út í kaffið. Slík var nándin og fiskisagan fljót í förum á þeim góða stað þar sem Halldór Arason er borinn og barnfæddur.

Tilbreyting fólst líka í því að fara til útlanda með kollegunum það er félagsmönnum í FLE. Eitt sinn fórum við með því góða félagi til Brussel með mökum og þar fannst starfsfólki hótelsins ekki ganga upp að fólk með mismunandi eftirnöfn væri saman í herbergi. Hafði starfsfólkið því farið út í það áður en við komum að endurraða fólk í herbergin eftir eins eða líkum eftirnöfnum. Benni var t.d. settur í herbergi með bróður sínum Arnóri. Þarna varð auðvitað mikið uppistand sem tók langan tíma að greiða úr en allt fór vel að lokum.

Í ársbyrjun 1982 fluttum við í alvöru skrifstofuhúsnæði að Sætúni 8 þar sem við fengum flestir eigin skrifstofu og gátum kófreykt í friði við vinnuna. Á svipuðum tíma komu til sögunnar fyrstu tölvurnar. Í byrjun ein stór tölva sem gerði allt sem gera þurfti við færslu bókhalds og síðan í kringum 1985 fengu reyndari starfsmenn einkatölvu með frumstæðum töflureikni. Eftir það hefur eiginlega ekkert merkilegt gerst í þeim málum annað en að einkatölvan hefur orðið léttari, öflugri og töflureiknirinn flóknari.

Síðan tóku við nýir tímar og gamla endurskoðunarskrifstofan okkar rann þá sitt skeið á enda og sameinaðist Deloitte&Touche í ársbyrjun 2001 og fluttum við þá upp á Stórhöfða þar sem við fengum allir litlar reyklausear sér skrifstofur. Það sem breyttist síðar í opin rými í Turninum í Kópavogi í ársbyrjun 2008 og nú síðast frjálst sætaval með engri fastri starfsstöð í sama turni í árlok 2017. Engin föst starfsstöð þýðir jafnframt að ekki má vera neinn pappír á borðum og engar möppur þannig að skrifborð, hlaðin pappír og möppum sem lýstu áður dugnaði starfsmanns, eru úr sögunni.

Á okkar langa starfsferli höfum við á öllum tímum kynnst frábæru samstarfsfólki og viðskiptavinum og ýmsu öðru sem of langt mál væri að telja upp hér. Eftir 40 ár í endurskoðunarstarfinu erum við virkilega sáttir með þennan tíma og allar þær breytingar sem orðið hafa í okkar starfsumhverfi og gætum við alveg hugsað okkur að velja sama starfsvettvang ef við værum ungir menn í dag. Að lokum viljum við segja að greinarkorn þetta er sett saman til að minnast liðins tíma meira af gamni en alvöru, en vonandi hafa þeir kollegar okkar sem eru á svipuðum aldri gaman af og jafnvel þeir yngri líka a.m.k. fróðleiknum um verðbreytingarfærsluna.

Benóní Torfi Eggertsson, Halldór Arason, Stefán D. Franklín og Sigurður Pálmi Sigurðsson



Lagaákvæðið tekur þannig ekki á, hvað skal gera þegar tímamismunur myndast á útgreiðslu arðs úr dótturfélagi og þar sem hagnaður sem myndar hagnaðinn er í raun innleystur hjá samstæðu



FLÆKJUR OG REMBIHNÚTAR Á BUNDNU EIGIN FÉ

Jón Rafn Ragnarsson er endurskoðandi

Bundið eigið fé eða varasjóðir eru ekki nýmæli í íslenskum ársreikningum. En tegundum varasjóða fer fjölgandi og er bundinn hlutdeildarreikningur nýmæli. En sumarið 2016 voru samþykkt lög um breytingar á lögum um ársreikninga þar sem gerðar voru verulegar breytingar á heimildum hluthafa til greiðslu arðs en um var að ræða innleiðingu á ársreikningatilskipun ESB 2013/34 ásamt einföldum á ýmsum atriðum laganna. Það virðist vera að tilgangur breytinganna hafi verið að setja fram reglur sem takmarka heimildir til að greiða út arð, þannig að einungis sé heimilt að greiða út arð af hagnaði sem er í raun innleystur.

Ein af þessum takmörkunum var, að talið var eðlilegt að hlutdeild í rekstri hlutdeildarféлага sé færð í rekstrarreikning eins

og áður var heimilt. Lagt var hins vegar til að mismunur á afkomu hlutdeildarfélagss og móttæknum arði eða heimild til greiðslu arðs færist á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Tilgangur ákvæðisins er skýr við fyrstu sýn og lagaákvæðið einfalt, þannig að í raun sé það markmiðið að einungis innleystur hagnaður hlutdeildarfélagaga sem hefur borist „upp“ til eigenda (fjárfestingafélags) sé hægt að skila áfram „upp“ til hluthafa fjárfestingafélags.

Það er hins vegar nokkur einföldum að þetta sé einu hreyfingarnar á eigin fé sem myndast vegna hlutdeildar, þ.e. nettómunur hagnaðar að frágengum arði og sérstaklega hvað varðar



hlutdeild í dótturfélögum. Lagaákvæðið tekur þannig ekki á, hvað skal gera þegar tímamismunur myndast á útgreiðslu arðs úr dótturfélagi og þar sem hagnaður sem myndar hagnaðinn er í raun innleystur hjá samstæðu. Eins getur verið óljóst hvernig skuli meðhöndla eiginfjárbreytingar vegna þýðingarmunar og þá hvort það sé verið að miða fjárhæðir við uppgjörsmýnt móðurfélagsins eða dótturfélagsins.

ÞÝÐINGARMUNUR OG MISMUNANDI UPPGJÖRSMYNTIR

Vandamálið við túlkum 41. gr. verður ljóst strax á fyrsta ári þar sem ákvæðið miðar við þá fjárhæð sem færð er í rekstrarreikning en það er þó ekki sama fjárhæð og færð er í efnahags-

reikning í samræmi við það sem fram kemur í 76. gr. laga um ársreikninga þar sem efnahagsreikningur og þar með eigið fé er umreiknað á lokagengi miðað við dagsetningu efnahagsreiknings en rekstrarreikningur á viðskiptadögum en þó heimilt að nota meðalgengi við umreikning rekstrareiknings enda hafi gengi ekki sveiflast verulega á tímabilinu.

Dæmi:

Eignarhaldsfélagið A dótturfélagið - Rekstrarfélagið B.

Á árunum 2017 – 2020 verður afkoma og arður rekstrarfélagsins B eftirfarandi:

Ár	ISK þús.kr.		
	Hagnaður	Arður	Eigið fé í árslok
2017	50.000		50.000
2018	150.000	0	200.000
2019	500.000	-150.000	550.000
2020	0	-550.000	0

Ef Eignarhaldsfélagið gerði uppgjör sín í íslenskum krónum, þá myndu arðgreiðslumöguleikar þess félags í raun miðast við þær arðgreiðslur sem væru að berast upp frá Rekstrarfélaginu B. Þannig gæti félagið greitt hluthöfum sínum arð vegna þessarar afkomu á árinu 2020 – þá 150.000 þús.kr.

Gefum okkur hins vegar að Eignarhaldsfélagið A geri upp í evrum og meðalgengi og lokagengi hvers árs sé:

Ár	Meðalgengi	Lokagengi
2017	110	120
2018	130	140
2019	150	160
2019	170	180

Í samræmi við 41. gr., eins og hún er orðuð myndi þá færast á árinu 2017 um 455 þús. evrur. á bundinn reikning meðal eigin fjár, síðan 1.154 þús. evrur á árinu 2018 og loks 3.333 þús. evrur á árinu 2019 en sama ár er greiddur arður.

Ár	EUR þús.			
	Hagnaður	Arður	Fært á bundinn reikning	Bókfært verð eignarhluta
2017	455	0	455	417
2018	1.154	0	1.154	1.429
2019	3.333	-1.000	2.333	3.438
2020	0	-3.235	-3.235	0

Í lok árs 2020 væri þá bókfært verð eignarhlutans 0. Miðað við að færslurnar væru gerðar samkvæmt orðalagi 41. gr. og miðast við fjárhæðir í uppgjörsmýnt móðurfélagsins að þá væri komin staða 706 þús. EUR á bundinn reikning vegna hlutdeildartekna en hins vegar neikvæð staða á uppsöfnuðum þýðingarmun sem nemur 706 þús. evrum.



Ár	EUR þús.			
	Handbært fé	Eigið fé móðurfélags		
		Óráðstafað eigið fé	Bundinn reikningur	Þýðingarmunur
2017	0	0	455	-38
2018	0	0	1.608	-180
2019	1.000	1.000	3.942	-504
2020	4.235	4.235	706	-706

Þessi staða er ekki upplýsandi fyrir lesandann á hinu bundna eigin fé þar sem nú virðist vera 706 þús. evrur vera bundnar vegna hagnaðar fyrri ára í dótturfélögum en raunin er að hagnaðurinn hefur allur verið greiddur út. Þetta hefur þó engin áhrif á skiptingu milli óráðstafaðs eigin fjár og bundins eigin fjár, heldur einungis innbyrðisskiptingu þess eigin fjár sem er bundið.

VIÐSKIPTI MILLI FÉLAGA INNAN SÖMU SAMSTÆÐU

milli félaga innan sömu samstæðu, sem ekki hefur verið innleystur með sölu til aðila utan samstæðunnar, við mat á verðmæti í dótturfélagi. Það þýðir að ekki skuli færa hlutdeildartekjur í dótturfélagi af slíkum innri viðskiptum.

Höldum okkur við sama dæmi og hér að framan en breytum aðeins forsendum. Hagnaður ársins 2019 myndaðist vegna sölu á fasteign félagsins og var söluhagnaður eignarinnar 350 millj.kr. en eignin var keypt af systurfélagi þess, Fasteignafélaginu C.

Ár	ISK þús.kr.					
	Hagnaður	Arður	Eigið fé í árslok	óinnleyst	Fært á bundinn reikning	Bókfært verð eignarhluta
2017	50.000		50.000		50.000	50.000
2018	150.000	0	200.000		150.000	200.000
2019	500.000	-150.000	550.000	-350.000	0	200.000
2020	100.000	-550.000	100.000	-350.000	-200.000	-250.000
2020	250.000	0	350.000		600.000	350.000

Í árslok 2020 er því eigið fé rekstrarfélagsins B orðið 100.000 en vegna óinnleysta söluhagnaðarins er bundinn reikningur kominn í núll því ekki er hægt að færa hann neikvæðan? Rekstrarfélagið B myndar síðan hagnað á árinu 2021 og hagnaðurinn er innleystur innan samstæðunnar með sölu til þriðja aðila.

Við þessar aðstæður er staða á bundnu eigin fé móðurfélagsins komið upp í 600 millj.kr. en eigið fé dótturfélagsins B þó samt einungis 350 milljónir. Þetta eru þó þær fjárhæðir sem hafa verið færðar gegnum rekstrarreikning móðurfélagsins að teknu tilliti til móttækis arðs. Vandamálið liggur í að arðurinn kemur á undan innlausn hagnaðarins hjá móðurfélaginu. Þessar aðstæður geta einnig komið upp ef móðurfélag og dótturfélag beita ekki sömu reikningsskilaaðferðum, sbr. 75. gr. laga um ársreikninga þar sem reikningsskil dótturfélags eru aðlöguð að reikningsskilaaðferðum móðurfélagsins.

Við þær aðstæður að arðgreiðsla kemur á undan innlausn hagnaðar hefur það varla verið ætlun löggjafans að binda eigið fé móðurfélagsins með þessum hætti en þetta virðist vera rembi-hnútur á bundnu eigin fé miðað við orðalag 41. gr. laga um ársreikninga, sem byggir á ársreikningatilskipun ESB 2013/34. Lausnin væri þá ef til vill að selja hlutdeildina í dótturfélaginu B til að fá að færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

SEINNI TÍMA VANDAMÁL?

Þau félög sem eiga eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélagum við gildistöku laganna geta þó greitt sínum hluthöfum arð vegna þeirra og þurfa því ekki að hafa miklar áhyggjur að þessum takmörkunum. Kannski er allt að fara í klessu vegna þess en það er seinni tíma vandamál. Það verður engu breytt í kvöld.

Jón Rafn Ragnarsson





Það er mikilvægt að stjórnendum fyrirtækja og endurskoðendum sé það ljóst að innleiðing fullnægjandi persónuverndar í samræmi við hina nýju löggjöf er ekki afmarkað og tímabundið verkefni. Þvert á móti er nauðsynlegt að fyrirtæki tileinki sér breytta starfshætti til framtíðar sem fléttast inn í dagleg verkefni stjórnenda og starfsmanna

NÝ PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF OG ÁHRIF Á VINNU ENDURSKOÐENDA

Birna María Sigurðardóttir, Löggiltur endurskoðandi og CIPP/e (e. Certified Information Privacy Professional) hjá Deloitte ehf. og Ásdís Auðunsdóttir, Lögfræðingur og CIPP/e hjá Deloitte ehf.

Nýverið braut Evrópusambandið blað í sögu persónuverndar þegar sambandið samþykkti nýja reglugerð *um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga* (e. *General Data Protection Regulation, hér eftir GDPR*). Hin nýja reglugerð er umfangsmikil og fellir úr gildi eldri tilskipun á þessu sviði. Litlar sem engar breytingar höfðu verið gerðar í þessum málaflokki frá árinu 1995 og er það m.a. markmið hinnar nýju reglugerðar að færa einstaklingum aukin réttindi og stjórn yfir eigin persónuupplýsingum í síbreytilegu tækniumhverfi. Óumdeilanlega er hér um að ræða stærstu breytingar á þessu sviði í áraraðir og ljóst að nær öll fyrirtæki þurfa að bregðast við þeim auknu kröfum sem hin nýja löggjöf felur í sér. Dýrkeypt getur reynst að sofna á verðinum enda hafa yfirvöldum með reglugerðinni verið veittar

umfangsmiklar og áður óþekktar sektar- og eftirlitsheimildir. Þrátt fyrir að reglugerðin hafi nú þegar verið samþykkt þá hefur aðildarríkjum sambandsins verið veittur aðlögunartími til 25. maí nk. Vernd persónuupplýsinga er talinn hluti af EES-samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt en verður þó fyrst að hljóta þinglega meðferð Alþingis. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir á þessari stundu hver verður dagsetning á gildistöku á skuldbindingum Íslands er brýnt að allir sem vinna með persónuupplýsingar hefji undirbúning fyrir hið nýja regluverk. Víðtækt gildissvið reglugerðarinnar gerir það að verkum að efni hennar mun í ákveðnum kringumstæðum taka til íslenskra aðila sem vinna með persónuupplýsingar einstaklinga innan ESB, jafnvel þótt reglugerðin verði ekki komin í EES-samninginn á þeim tíma.

ÁBYRGÐAR- EÐA VINNSLUAÐILI?

Samkvæmt hinni nýju löggjöf er mikilvægt að skilgreina í upphafi hvort að fyrirtæki, eða deildir innan fyrirtækja, sem vinna með persónugreinanlegar upplýsingar teljist vera ábyrgðaraðilar eða vinnsluaðilar þeirra upplýsinga sem unnið er með. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar er í kjölfarið hægt að skilgreina þá ábyrgð sem á fyrirtækinu hvílir. Ábyrgðaraðili telst í stuttu máli vera sá lögaðili eða einstaklingur sem ákvarðar tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsluaðili er svo sá einstaklingur eða lögaðili sem vinnur persónuupplýsingarnar á vegum ábyrgðaraðilans. Skyldur ábyrgðaraðila eru töluvert umfangsmeiri en skyldur vinnsluaðila og afmarkar hann að nokkru leyti einnig skyldur vinnsluaðilans.

Það getur verið matsatriði í hvort hlutverkið fyrirtækjum ber að skipa sér og skiptar skoðanir virðast vera uppi um það hvert hlutverk endurskoðenda á að vera í þessum skilningi. Nú þegar hefur Alþjóðaviðskiptastofnunin í Bretlandi sent frá sér álit þar sem hún flokkar endurskoðunarskrifstofur sem ábyrgðaraðila og byggir hún það álit á eðli og sjálfstæði starfsstettarinnar í störfum sínum. Þrátt fyrir það hafa stéttir endurskoðenda í öðrum löndum einnig fært góð rök fyrir því að eðlilegast væri að flokka slík fyrirtæki sem vinnsluaðila. Ekki verður tekin afstaða til þess hér hvort endurskoðunarskrifstofur skuli teljast vera vinnsluaðilar eða ábyrgðaraðilar í skilningi hinna nýju laga en eðlilegt hlýtur að teljast að eftirlitsyfirvöld hér á landi sendi frá sér leiðbeinandi álit hvað það varðar.

HELSTU ATRIÐI SEM ENDURSKOÐENDUR ÞURFA AÐ BEINA SJÓNUM AÐ

Hin nýja reglugerð mun ná jafnt til endurskoðenda sem og annarra sem vinna á einhvern hátt með persónugreinanleg gögn, hvort sem það eru viðskiptamenn eða starfsmenn. Endurskoðendur munu því að öllum líkindum þurfa að breyta starfsháttum sínum töluvert til að uppfylla ákvæði GDPR. Auknar skyldur samkvæmt GDPR munu fela í sér aukna og nákvæmari skjölun en áður, auk þess sem upplýsingaskylda þeirra gagnvart hinum skráða einstaklingi er meiri en áður. Eftirfarandi atriði er meðal þess sem endurskoðendur þurfa að gera til þess að uppfylla þær nýju kröfur sem til þeirra verða gerðar:

- Skilgreina þau persónugreinanlegu gögn sem unnið er með. Mikilvægt er að fyrirtæki séu meðvituð um með hvaða leiðum gögnin berast, hvernig vinnsla þeirra fer fram og hvaða upplýsingakerfi eru notuð, hvernig og hversu lengi þau eru vistuð og hvernig er staðið að eyðingu.
- Útbúa þarf ítarlega vinnsluskrá þar sem haldið er utan um hvernig vinnslu persónuupplýsinga er háttað innan fyrirtækisins.
- Huga þarf að því á hvaða heimild vinnsla persónuupplýsinga grundvallast. Ef hún grundvallast á samþykki hins skráða einstaklings er mikilvægt að slíks samþykkis sé aflað með fullnægjandi hætti. Starfshópur á vegum

Evrópusambandsins hefur nú sent frá sér nánari upplýsingar um það hvernig slíkt samþykki skuli útfært. Líklega er algengara hjá endurskoðendum að vinnslan byggji á samningi eða lagaheimild og í þeim tilfellum þarf að ganga úr skugga um að þeir samningar uppfylli kröfur GDPR. Hér er líka mikilvægt að tekið sé tillit til krafna annarra laga sem endurskoðendur starfa eftir, s.s. krafna um geymslutíma gagna.

- Í þeim tilvikum sem tiltekin vinnsla persónuupplýsinga getur haft í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga ber fyrirtækjum að framkvæma svokallað mat á áhrifum á persónuvernd (e. Privacy Impact Assessments). Mikilvægt er að fyrirtæki átti sig á því hvenær nauðsynlegt er að framkvæma slíkt mat og geti brugðist við með fyrirfram ákveðnum aðgerðum.
- Mikilvægt er að yfirfara öll öryggismál er varða persónuvernd, fræða starfsfólk um meðferð persónuupplýsinga og útbúa verkferla um hvernig brugðist skuli við öryggisbrestum í samræmi við ströng skilyrði GDPR.
- Tryggja þarf að fyrirtækið sé í stakk búið til að bregðast við auknum réttindum þeirra einstaklinga sem persónuupplýsingarnar lúta að. Einstaklingurinn mun þannig hafa mun meiri rétt til upplýsinga um vinnslu upplýsinganna og aukið aðgengi að þeim gögnum sem unnið er með. Viðskiptamenn gætu einnig í ákveðnum tilvikum átt rétt á því að „gleymast“, þ.e. að persónuupplýsingum um þá verði eytt. Eins getur hann átt rétt á því að vinnsla gagnanna verði takmörkuð eða gögnin leiðrétt, sé þess þörf.
- Endurskoða þarf allt markaðsstarf sem beint er að einstaklingum svo tryggt sé að það uppfylli kröfur hinnar nýju löggjafar.
- Yfirfara þarf persónuverndarstefnur og yfirlýsingar á þann hátt að þær uppfylli gerðar kröfur um upplýsingar sem þurfa að vera aðgengilegar einstaklingum.
- Yfirfara þarf og uppfæra þá samninga sem gerðir hafa verið við þriðju aðila og tryggja að vinnslusamningar séu ávallt til staðar.

LANGHLAUP EN EKKI SPRETTUR

Það er ljóst að ákvæði GDPR fela í sér kröfur um aukna og nákvæmari skjölun um vinnslu persónuupplýsinga hjá endurskoðendum og líkt og sjá má hér að ofan er í mörg horn að líta. Það er mikilvægt að stjórnendum fyrirtækja og endurskoðendum sé það ljóst að innleiðing fullnægjandi persónuverndar í samræmi við hina nýju löggjöf er ekki afmarkað og tímabundið verkefni. Þvert á móti er nauðsynlegt að fyrirtæki tileinki sér breytta starfshætti til framtíðar sem fléttast inn í dagleg verkefni stjórnenda og starfsmanna. Starfsmenn þurfa þannig að vera meðvitaðir um hlutverk sín og skyldur og þær afleiðingar sem brot gegnum persónuverndarlögum geta haft í för með sér. Hér er því um sannkallað langhlaup að ræða ef vel á að vera.

Birna María Sigurðardóttir og Ásdís Auðunsdóttir




NÝIR FÉLAGAR 2018



Frá afhendingu löggildingarskírteina 2018

Félaginu bárust þær gleðilegu fréttir að sex nýir löggiltir endurskoðendur væru væntanlegir í hópinn. Eins og vanalega ríkir töluverð spenna þegar von er á niðurstöðum úr löggildingarprófinu og þannig var það líka núna. Jón Arnar Baldurs, prófstjóri gaf okkur upp að eftirfarandi einstaklingar hefðu uppfyllt kröfur í prófinu og fengu þau löggildingu þann 11. janúar 2018. Ellefu voru skráðir í prófið og er mjög óvanalegt ef ekki fáheyrt að rúmlega helmingur standist það eins og gerðist þessu sinni. Það er einnig ánægjulegt að kynjaskiptingin er jöfn. Prófnefnd hefur sent listann til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem veitti löggildinguna formlega. Til hamingju með þetta öll og velkomin í félagið.



*Daníel Jón Guðjónsson,
PwC*



*Hrund Hauksdóttir,
BDO*



*Ingibjörg Ester Ármannsdóttir,
KPMG*



*Ísak Gunnarsson,
Ernst & Young*



*Oddur Ás Garðarsson,
Deloitte*



*Steina Dröfn Snorraddóttir,
Deloitte*



Var eftir því tekið hve þátttakendur litu vel út í samanburði við kollegana sem höfðu margir hverjir stritað við framtalsskil á meðan við lékum okkur úti í góða veðrinu



MEISTARAMÓT FLE Í GOLFI 2017

Auðunn Guðjónsson er endurskoðandi hjá KPMG

Meistaramót FLE í golfi var haldið á árinu 2017 í þrítugasta og sjötta sinn. Nú fór það fram föstudaginn 8. september hjá GKG á Leirdalsvelli sem spannar tvö sveitarfélög, þ.e. Kópavog og Garðabæ. Mótið var haldið við mjög góðar aðstæður að öllu leyti, veður var hagstætt og völlurinn í topp standi. Má halda því fram að það hafi skapast sú hefð að veður sé gott þegar þetta mót er haldið.

Umsjónarmenn mótsins tóku þá djörfu ákvörðun að breyta leikfyrirkomulagi að ákveðnu marki. Fram til þessa var eingöngu leikinn höggleikur, án forgjafar og með forgjöf í þremur flokkum. Nú var keppt í einum flokki í punktakeppni, en auk þess veitt verðlaun fyrir fæst högg án forgjafar. Aðalverðlaun mótsins voru eins og áður til þess keppanda sem lék á fæstum höggum að teknu tilliti til forgjafar og sá sem það afrek vinnur telst Golfmeistari FLE.

Það hafði borist umsjónarmönnum til eyrna að punktakeppnisformið hentaði fleirum og því var þessi breyting gerð. Ekki verður þó séð að breytingin hafði leitt til aukinnar þátttöku að þessu sinni, en alls mættu 12 karlmenn til leiks. Þriðja árið í röð var engin kona skráð til leiks. Helstu úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Höggleikur án forgjafar:

Kristófer Ómarsson	81 högg
--------------------	---------

Höggleikur með forgjöf:

Kristófer Ómarsson	70 högg nettó
--------------------	---------------

Punktakeppni:

Auðunn Guðjónsson	36 punktar
Rögnvaldur Dofri Pétursson	30 punktar
Haukur Ingi Hjaltalín	30 punktar

Kristófer Ómarsson er því golfmeistari FLE annað árið í röð. Úrslit voru tilkynnt og verðlaun afhent á Gleðistund FLE sem haldin var síðdegis þann sama dag og meistaramótið fór fram. Var eftir því tekið hve þátttakendur litu vel út í samanburði við kollegana sem höfðu margir hverjir stritað við framtalsskil á meðan við lékum okkur úti í góða veðrinu.

Umsjónarmenn þakka þeim sem þátt tóku og stefna að því að viðhalda þessu ágæta móti stéttarinnar a.m.k. á meðan einhver mætir.

Um hávetur við höldum jól
hikum ögn í dagsins striti.
Við hlökkum til er hækkar sól
þá hefjum golf af meira viti.

Auðunn Guðjónsson





Við lok hvers almanaksárs skal skila til sýslumanns yfirliti um daga heimagistingar og tekjur af henni og er sýslumanni heimilt að óska eftir frekari gögnum og staðfestingum ef þurfa þykir s.s. nýtingaryfirlit frá bókunarvefjum. Sýslumanni er heimilt að senda þær upplýsingar til skattyfirvalda

HEIMAGISTING

HUGTAKIÐ OG SKATTALEG MEÐHÖNDLUN

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir er endurskoðandi hjá KPMG

Með mikilli fjölgun ferðamanna til landsins hefur leiga íbúðarhúsnæðis til ferðamanna aukist með ógnarhraða síðustu ár. Í ársbyrjun 2017 tóku gildi breytingar á lögum 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, og ný reglugerð um sama efni, nr. 1277/2016. Með breytingunum var m.a. leitast við að einfalda regluverk um heimagistingu.

GISTISTAÐIR

Eftir breytingu sem gerð var með lögum nr. 85/2007 er gististaður skilgreindur sem staður þar sem boðin er gisting að hámarki í 30 daga samfleytt í senn gegn endurgjaldi, svo sem á hótelum, gistiheimilum, í gistiskálum, íbúðum og sumarhúsum, með eða án veitinga.

Þrjátíu daga viðmiðið er nýmæli, sem í felst aðgreining gistiþjónustu frá húsaleigu.

Gististaðir eru greindir í 4 flokka;

- Heimagistingu.
- Gististaði án veitinga.
- Gististaði með veitingum, öðrum en áfengisveitingum.
- Gististaði með áfengisveitingum.

HEIMAGISTING – SKILGREINING

Lögfest hefur verið skilgreining á heimagistingu og er hún svohljóðandi:

„Heimagisting er gisting gegn endurgjaldi á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Fjöldi útleigðra daga í báðum eignum samanlagt skal ekki fara yfir 90 daga á hverju almanaksári eða samanlagðar tekjur af leigu eignanna skulu ekki nema hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.“

Hugtakið heimagisting tekur eins og önnur gististarfsemi aðeins til gistingar gegn endurgjaldi, en ekki til frírrar gistingar. Endurgjaldið getur hvort heldur verið í peningum eða öðrum verðmætum. Heimagisting nær aðeins til sölu einstaklinga á gistingu, en ekki til gistsölu lögaðila.

Húsnæði notað til heimagistingar getur verið lögheimili þess er gistinguna selur og/eða eitt annað húsnæði sem hann á og hefur til persónulegra nota. Lögheimili manna getur að meginreglu aðeins verið í íbúðarhúsnæði. Ekki er gert að skilyrði að lögheimili manns nýtt til heimagistingar sé í eigu þess er gist-

inguna selur. Annað húsnæði getur verið íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði. Skilyrði er að annað húsnæði til heimagistingar sé í eigu þess er heimagistinguna selur og sé að öðru leyti nýtt af honum sjálfum. Ef einstaklingar eru með fleiri en tvær eignir til útleigu telst starfssemin atvinnustarfsemi.

HEIMAGISTING – TAKMARKANIR

Stærðartakmörkun - í reglugerð kemur fram að ef leigð eru út fleiri en fimm herbergi eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga í heimagistingu telst vera um gistiheimili að ræða, þrátt fyrir að önnur skilyrði um heimagistingu séu uppfyllt.

Hámarksfjöldi daga - heimagisting takmarkast við samtals 90 daga á almanaksári. Ef seld er gisting í tveimur eignum má samanlagður gistidagafjöldi ekki fara yfir 90 á ári. Í skilgreiningunni er miðað við almanaksár, en samkvæmt lögum um virðisaukaskatt er viðmiðið 12 mánaða tímabil.

Hámark tekna - heimagisting takmarkast við tiltekna hámarksfjárhæð, sem er sú sama og mælt er fyrir um í lögum um virðisaukaskatt. Samkvæmt því ákvæði eru undanþegnir virðisaukaskatti þeir sem selja virðisaukaskattsskylda þjónustu fyrir lægri fjárhæð en hina tilteknu, á 12 mánaða tímabili sem í dag er 2.000.000 kr.

SKRÁNINGARSKYLD A Í STAÐ REKSTRARLEYFIS

Sá sem hyggst bjóða upp á heimagistingu er skráningarskyldur og skal tilkynna starfseminu til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eða á miðlægu vefsvæði sé það fyrir hendi.

Í tilkynningu til sýslumanns ber tilkynnanda að staðfesta að húsnæðið uppfylli kröfur um brunavarnir og hollustuhætti og að starfsleyfi heilbrigðisnefndar sé til staðar. Gististarfsemi, þ.m.t. heimagisting, lýtur reglum laga nr. 7/1988, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Þeir sem hyggjast sækja um skráningu heimagistingar sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits í því umdæmi þar sem eignin er skráð.

Við skráningu skal sýslumaður úthluta sérstöku númeri sem tilgreina ber í allri markaðssetningu heimagistingarinnar. Skráningu heimagistingar þarf að endurnýja árlega.

Við lok hvers almanaksárs skal skila til sýslumanns yfirliti um daga heimagistingar og tekjur af henni og er sýslumanni heimilt að óska eftir frekari gögnum og staðfestingum ef þurfa þykir s.s. nýtingaryfirlit frá bókunarvefjum. Sýslumanni er heimilt að senda þær upplýsingar til skattyfirvalda.

Sýslumaður skal hafa eftirlit með að skilyrði heimagistingar séu haldin og getur fellt niður skráningu ef útaf er brugðið og beitt stjórnvaldssekt. Jafnframt getur sýslumaður lagt stjórnvaldssekt á þann sem stundar heimagistingu án skráningar eða fer ekki eftir þeim reglum sem um hana gildir. Gildir þá einu hvort leigusali beri við vankunnáttu eða hvort um ásetning hafi verið að ræða. Til að sinna eftirlitinu hefur starfsmönnum sýslumanns verið fjölgað og starfa nú sex starfsmenn eingöngu við þennan málaflokk samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanni. Á þriðja hundrað tilfella ólöglegar heimagistingar hafa verið rannsökuð og bíða ákvörðunar um viðurlög og einnig hafa á fimmta tug leyfislausra aðila verið tilkynntir til lögreglu. Samkvæmt Hagstofu Íslands er áætlað að á árinu 2016 hafi tæplega 3600 herbergi/íbúðir verið reglulega til leigu í gegnum vefsíðu Airbnb og því ljóst að eftirlitsstarf sýslumanns og skattyfirvalda er ærið.

Ef sýslumaður fellir niður skráningu eða heimilar ekki skráningu þar sem skilyrði eru ekki uppfyllt er litið á starfseminu sem atvinnustarfsemi og þarf þá að sækja um rekstrarleyfi fyrir starfseminni. Starfsemin myndi þá vera skilgreind sem gisti- staður án veitinga sbr. flokkun skv. lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

TEKJUSKATTUR

Með lögum nr. 59/2017 voru breytingar gerðar er varða skattlagningu á útleigu manna á húsnæði. Meginreglan er að tekjur manna af útleigu húsnæðis skuli skattlagðar sem tekjur af atvinnuhúsnæði. Á það við um hvers konar húsnæði, þ.m.t. íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði. Meginreglan á jafnt við um langtímaleigu, sem fellur undir húsaleigulög og skammtímaleigu, sem fellur undir lög um gististaði o.fl.. Ákvæðið tekur eingöngu til tekna manna, en breytir engu um skattlagningu tekna lögaðila.

Frá meginreglunni um atvinnurekstrartekjur eru gerðar tvær viðamiklar undantekningar, sem annars vegar taka til húsaleigutekna af íbúðarhúsnæði og hins vegar til tekna af heimagistingu.

Samkvæmt undantekningunni þá teljast ekki til atvinnurekstrartekna tekjur af heimagistingu, skv. lögum um gististarfsemi o.fl. Skilyrði er að heimagistingin hafi verið tilkynnt sýslumanni og fengið skráningarnúmer. Leigutekjur af heimagistingu geta að hámarki numið 2.000.000 kr. á ári. Heimagisting getur tekið til lögheimilis leigusala og einnar annarrar eignar í hans eigu til persónulegra nota hans. Samanlagður fjöldi daga í útleigu getur að hámarki verið 90. Ef leigutekjur fara yfir 2.000.000 kr.



á ári, eða ef sýslumaður fellir niður heimagistingarskráningu, teljast allar leigutekjur viðkomandi árs vera atvinnurekstrartekjur. Ef tveir menn eða fleiri eiga saman eign skal gagnvart fjárhæðarmarkinu hjá hverjum og einum horft til heildarleigutekna af eigninni. Ef t.d. tveir menn eiga saman eign í útleigu og heildarleigutekjurnar eru 2.500.000 kr. þá skulu þær skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur enda þótt leigutekjur hvors eiganda fyrir sig séu undir 2 milljónum.

Ef ofangreind skilyrði um heimagistingu eru uppfyllt eru tekjurnar skattlagðar sem fjármagnstekjur án frádráttar. Einhvers misskilnings hefur gætt um að þessar tekjur séu undanþegnar skatti ef þær eru undir tveggja milljóna viðmiðið og þeim reglum sem settar hafa verið um heimagistingu, en svo er ekki.

Teljast heimagisting vera atvinnustarfsemi, skattleggst hún með sama hætti og önnur atvinnustarfsemi manna. Þá er heimilt að draga kostnað við öflun, tryggingar og viðhaldi tekna til frádráttar. Hagnaður skattleggst í þrepaskiptum tekjuskatti og um útsvar að auki.

Það er mikilvægt að þeir sem eru með heimagistingu haldi vel utanum allan kostnað vegna starseminnar ef vera kynni að hún fari yfir þau mörk sem eru sett um heimagistingu og einnig ef sýslumaður fellir niður skráningu sökum vankanta, því þá telst starfssemin vera atvinnustarfsemi.

VIRÐISAUKASKATTUR

Gistipjónusta fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts, þ.e. er í eðli sínu virðisaukaskattsskyld þar sem leigan er til skemmri tíma en eins mánaðar. Skatthlutfall gistipjónustu er 11%.

Hafi einstaklingur sem selur heimagistingu ekki aðra starfsemi með höndum, sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts, þá er verður hann undanþeginn því að innheimta og skila virðisaukaskatti, á þeim grundvelli að ársvelta hans er undir 2.000.000 kr..

Hafi einstaklingur hins vegar aðra starfsemi með höndum, sem fellur undir skattskyldusviðið, ber að horfa til samanlagðrar veltu þeirrar starfsemi og heimagistingarinnar. Ef samanlögð ársvelta er yfir 2.000.000 kr. ber einstaklingnum að innheimta virðisaukaskatt í báðum þáttum starfsemi sinnar.

GISTINÁTTASKATTUR

Samkvæmt lögum um gistináttaskatt, skal ekki leggja gistináttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt.

FASTEIGNASKATTUR

Með 5. mgr. 10. gr. laga nr. 67/2016 var við lög nr. 85/2007 aukið ákvæði um að heimagisting, sem uppfyllir skilyrði þeirra laga, teljist ekki fara fram í atvinnuhúsnæði í skilningi laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Ákvæðið var sett að til lögu atvinnuveganefndar Alþingis.

Ákvæðinu virðist, að því er húsnæði til heimagistingar varðar, ætlað að víkja til hliðar ákvæðum 3. gr. laga nr. 4/1995, sem kveða á um álagningu fasteignaskatts. Samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar getur fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði og sumarbústöðum hæstur verið 0,5% af fasteignamati. Fasteignaskattur af mannvirkjum sem nýtt eru fyrir ferðapjónustu getur hins vegar hæstur verið 1,32% af fasteignamatsverði. Hugtakið atvinnuhúsnæði er ekki viðhaft í ákvæði 3. gr.

Það orkar tvímælis hvort þessi breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er til þess fallin að breyta efnislega ákvæðum í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir

SKIPAN STJÓRNAR OG FASTANEFNDA FLE

STARFSÁRIÐ 2017 - 2018



Félagsstjórn FLE frá vinstri: H. Ágúst Jóhannesson formaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir varaformaður, Guðni Þór Gunnarsson, Sif Einarsdóttir og Anna Kristín Traustadóttir.

Álitsnefnd FLE: H. Ágúst Jóhannesson formaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir varaformaður, Margrét Pétursdóttir, J. Sturla Jónsson, Sigurður Páll Hauksson og Þórir Ólafsson varamaður.

Endurskoðunarnefnd FLE: Helga Hjálmrós Bjarnadóttir formaður, Birna María Sigurðardóttir, Kristín Sveinsdóttir og Fannar Ottó Viktorsson.

Gæðanefnd FLE: Arnar Þorkelsson formaður, Jóhann Óskar Haraldsson, Magnús Mar Vignisson og Dána Hilmarsdóttir.

Menntunarnefnd FLE: Geir Steindórsson formaður, Hjördís Ýr Ólafsdóttir, Pétur Hansson og Björn Óli guðmundsson.

Reikningsskilanefnd FLE: Signý Magnúsdóttir formaður, Hulda Sigurbjörnsdóttir, Atli Þór Jóhannsson og Sigurjón Arnarson.

Skattanefnd FLE: Benóní Torfi Eggertsson formaður, Sighvatur Halldórsson, Anna María Ingvarsdóttir og Ágúst Kristinsson.



TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2018

Atli Þór Jóhannsson	30	12.07.88	Anna Kristín Traustadóttir	60	17.06.58
Ingibjörg Ester Ármannsdóttir	30	27.06.88	Birna Bjarnþórsdóttir	60	24.09.58
Aðalheiður Sigbergadóttir	40	30.12.78	Guðmundur Snorrason	60	07.02.58
Arna Guðrún Tryggvadóttir	40	08.02.78	Magnús G. Benediktsson	60	15.01.58
Davíð Arnar Einarsson	40	16.01.78	Margrét Guðjónsdóttir	60	13.05.58
Díana Hilmaradóttir	40	15.02.78	Sigurður Heiðar Steindórsson	60	22.06.58
Erik Ingvar Bjarnason	40	11.11.78	Jón Kristinn Jónsson	65	08.02.53
Guðjón Gústafsson	40	26.02.78	Jón Tryggvi Kristjánsson	65	06.04.53
Jón Freyr Magnússon	40	10.05.78	Ólafur Elísson	65	24.07.53
Lilja Dögg Karlsdóttir	40	16.05.78	Símon Á. Gunnarsson	65	30.12.53
Ómar Gunnar Ómarsson	40	25.01.78	Stefán D. Franklín	65	09.02.53
Signý Magnúsdóttir	40	22.02.78	Sturla Jónsson	65	15.09.53
Sigurður Álfgeir Sigurðarson	40	29.12.78	Þórhallur Björnsson	65	06.12.53
Sigurjón Örn Arnarson	40	06.10.78	Anna Skúladóttir	70	18.06.48
Silja Guðrún Sigvaldadóttir	40	12.12.78	Árni Björn Birgisson	70	30.05.48
Guðný Helga Guðmundsdóttir	50	22.11.68	Guðmundur Jóelsson	70	30.11.48
Gunnlaugur Kristinsson	50	30.10.68	Hafsteinn V. Halldórsson	70	09.11.48
Helga Sigríður Böðvarsdóttir	50	04.05.68	Ingólfur Flygenring	70	07.10.48
Jón Arnar Baldurs	50	20.03.68	Ómar Kristjánsson	70	16.09.48
Jón Hreiðar Sigurðsson	50	19.01.68	Sigurgeir Bóasson	70	03.07.48
Kristín S. Konráðsdóttir	50	30.10.68	Sveinn Arason	70	20.04.48
Margrét Pétursdóttir	50	01.01.68	Ólafur Viggó Sigurbergsson	75	04.08.43
Ólafur Már Ólafsson	50	09.03.68	Þorsteinn Kjartansson	75	11.02.43
Sigurður Páll Hauksson	50	12.07.68	Valdimar Ólafsson	85	18.10.33
Vilhjálmur G. Vilhjálmsson	50	30.07.68			



ÚR FÉLAGSLÍFINU



Nýir löggiltir boðnir velkomnir í FLE



Nýir löggiltir, feðgar og feðgin



Signý með vinnustofu á Haustráðstefnu



Hópur kvenna á Haustráðstefnunni



Margrét setur Endurskoðunardag



Frá Endurskoðunardegi



Krístúrín með erindi á Endurskoðunardegi



Ímyndanefnd að störfum

DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
18. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Persónuvernd	3
19. jan.	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
7. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Prófnefnd og nýir löggiltir	0.5
22. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
22. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
26. apríl	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Reikningsskil	3
27. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
24. maí	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
29. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	
5. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
7. sept.	Gleðistund	Nauthóll	Kynning / samvera	Óákveðið	
20. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
29. sept.	Ráðstefna	Brussel	Ráðstefna	Fjölbreytt	5 - 6
25. okt.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
26. okt.	Haustráðstefna	Grand hótél	Ráðstefna- vinnustofur	Fjölbreytt	5
26. okt.	Aðalfundur	Grand hótél	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
22. nóv.	Morgunkorn	Grand hótél	Morgunkorn	Óákveðið	2
5. des.	Hádegisfundur - jól	Grand hótél	Fyrirlestur	Hugvekja	
11. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3

FLE stefnir að því að bjóða upp á 46 endurmenntunareiningar árið 2018.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is